



Það var fjölmennt á útivistarsvæðunum á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Þessa mynd tók ljósmyndari Fréttablaðsins á Rauðavatni þar sem nokkur fjöldi var samankominn þrátt fyrir talsverðan kulda. Samkomubannið sem tekið hefur gildi á Íslandi ætti ekki að þurfa að draga úr aðsókn á víðfeðm útivistarsvæðin sem hljóta nú að njóta enn meiri hylli. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Samkomubann gengið í gildi á Íslandi

Skipulagðir viðburðir þar sem fleiri en 100 manns koma saman eru óleyfilegir eftir að samkomubann tók gildi í landinu á miðnætti. Háskólar og framhaldsskólar eru lokaðir en stefnt er að því að halda grunn- og leikskólum opnum, skólastarf gæti þó raskast.

**COVID-19** Samkomubann, vegna COVID-19, sem tók gildi á miðnætti felur í sér að bann við skipulögðum viðburðum þar sem fleiri en 100 manns koma saman.

Við minni mannamót sem heimilt er að fari fram þarf að tryggja að nánd milli tveggja einstaklinga sé að minnsta kosti tveir metrar og að gott aðgengi sé að bæði að handþvotti og handspritti. Alls voru 175 smitaðir af COVID-19 hér á landi þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Bannið nær til viðburða líkt og ráðstefna, málþinga, funda, tón-

leika, leiksýninga, kvikmynda-sýninga og einkasamkvæma sem og hvers konar kirkjuathafna. Kapp verður lagt á það að halda grunn- og leikskólum opnum en háskólum og framhaldsskólum hefur verið lokað. Kennsla fer fram í fjarkennslu eins og hægt er.

Hvað grunn- og leikskóla varðar mun kennsla á grunnskólastigi fara fram svo lengi sem viðkomandi skóli getur veitt nemendum kennslu í hópum sem ekki eru fleiri í en tuttugu börn og að ekki verði um blöndun hópa að ræða yfir skóladaginn.

» Samkomubannið felur í sér bann við skipulögðum viðburðum þar sem fleiri en 100 manns koma saman.

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, segir tilhögun verða ólíka á milli skóla. „Ýmsar breytur koma þarna inn, svo sem fjöldi barna. Mesta flækjustigið liggur í tilmælum um að nemendur megi ekki blandast. Við þurfum að vera með einhverjar

innáskiptingar þegar börnin koma í skólann og svo verða einhver frávik á frímínútum,“ segir Helgi.

Í leikskólum verða börn höfð í sem minnstum hópum og aðskilin sem mest. Vegna þessa getur skólastarf raskast og opnunartími breyst. Í það minnsta einn leikskóli í borginni hefur sent frá sér tilkynningu um breytingar á skólastarfi vegna samkomubannsins. Þar er börnunum gert að mæta annan hvern dag svo einungis helmingur þeirra er í skólanum á hverjum tímamarki. Þá er foreldrum gert að tæma fata-

hólf daglega og tekið verður á móti börnunum í fataklefa skólanna reynt verður eftir mesta megni að ljúka skóladeginum úti. Nú þegar hefur hópur foreldra haft samband við stjórnendur og gefið þær upplýsingar að börn þeirra mæti ekki til skóla næstu vikurnar.

Helgi segir verkefnið flókið úrlausnar en að skólarnir séu vel í stakk búin til að takast á við það. „Útfærslan er hjá hverjum og einum skóla fyrir sig með það að markmiði að halda úti eins mikilli kennslu og mögulegt er í aðstæðunum.“ – bđj

## Samkomubönn hér á árum áður

**TÍMAMÓT** Spænska veikin sem geisadi á Íslandi 1918 hafði mikil áhrif á viðhorf fólks til sóttvarna.

Samkomubanni var beitt í töluverðum mæli næstu ár og áratugi á eftir til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma.

Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur sem er langt kominn með bók um spænsku veikina hefur þurft að breyta inngangi og öðru í kjölfar COVID-19 faraldursins.

Fréttablaðið rifjar upp gömul dæmi um samkomubönn sem sett voru á Íslandi.

Samkomubann var til dæmis lengi í gildi á Akureyri í kringum áramótin 1948-49 þegar Akureyrarveikin geisadi í bænum.

– sar / sjá síðu 14



HAFÐU SAMBAND ☎ 511 5008

Átt þú rétt á slysabótum?

Við hjálpum þér að leita réttar þíns

**TORT**

INNHEIMTA SLYSABÓTA


## Fólk sendi minningar

**COVID-19** Handritasafn Landsbókasafns hvetur fólk til að skrifa niður minningar og upplifanir af COVID-19 faraldrinum. Slíkt gæti nýst fræðimönnum og fjölmiðlafólki framtíðarinnar.

Bragi Þorgrímur Ólafsson, fagsgjafi handritasafnsins, segir að leitað sé að frásögnum frá öllum, ekki bara þeim sem séu smitaðir eða í sóttkví. Þetta séu sögulegir tímar og persónuleg gögn geti reynst vel.

„Skriflegar heimildir eru bestar til að tryggja varðveislu,“ segir Bragi. Hann segir að fyrir tveimur árum hafi starfsmenn safnsins leitað að upplýsingum um daglegt líf fólks árið 1918 sem var mjög viðburðaríkt ár og fundið ýmislegt áhugavert í dagbókum og bréfum. – khg/sjá síðu 6.

## Veður



Sunnan 8-15 m/s í kvöld, snjó-koma með köflum sunnanlands og um landið norðvestanvert, annars úrkomulítið. Gengur í suðaustan og austan hvasvindi eða storm í nótt. **SJÁ Síðu 16**



Margir voru ósáttir við hátt verð á flugi Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Furða sig á háu verði Icelandair

**SAMGÖNGUR** Íslendingar á Alicante svæðinu á Spáni furða sig á háu verði á flugmiða í flugferð fyrir Íslendinga sem vilja hraða sér heim til Íslands og Icelandair hefur boðið upp á á morgun. Ásdís Ýr Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi félagsins, segir í samtali við Fréttablaðið að verðið skýrist af því að vélinni sé flogið tómri út í eina ferð. Uppselt er í ferðina og skoðar Icelandair valmöguleikann á frekari flugi.

Icelandair kannaði áhuga á fluginu í dag á Facebook, nú þegar Spánn er skilgreindur sem há-áhættusvæði vegna útbreiðslu kórónaveirunnar. Miðar fóru svo í sölu síðar í dag en þá runnu á marga tvær grímur. Miðinn kostar 81.480 krónur og eru sumir gáttaðir á verðlaginu í Íslendingahópi í Alicante á Facebook.

„Ég á ekki 160 þúsund aukalega til að koma mér og mannum mínum heim. Bið frekar 12 daga og kemst á mínum miðum heim! Mér finnst þetta ekki gott tilboð ef tilboð gæti kallast! takk fyrir pent,“ skrifar Gréta Baldursdóttir.

„Við könnuðum áhuga Íslendinga sem dvelja á Alicante svæðinu á sérstöku heimflugi á morgun, 16. mars. Vélín fer tóm út frá Keflavík á morgun og er flugið ætlað frá Alicante kl. 18.45 annað kvöld. Uppselt er í flugið,“ segir Ásdís. Verðið sé að kanna hvort eftirspurn sé eftir frekari sætum. – oæg

## Allir inn að aftan í Strætó



Strætó BS hefur gripið til sinna ráðstafana vegna Covid-19. Frá og með deginum í dag er framhurð strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu lokuð og farþegar beðnir að fara inn að aftan, um mið- eða aftari dyr vagnsins. Þá er fólk hvatt til að greiða fyrir farið með strætókorti eða appi og ganga ekki fram í vagninn. Aðgerðirnar verða í gildi samhliða samgöngubanni sem tók gildi á miðnætti og nær til landsins alls. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Dregið úr starfi dómstólanna

**COVID-19** Starfsemi héraðsdómstóla og Landsréttar verður takmörkuð næstu fjórar vikur í ljósi neyðarstígs almannavarna og samkomubanns. Þetta kemur fram á vef dómstóla-sýslunnar. Ráðstafanirnar eru gerðar í því skyni að tryggja nauðsynlega starfsemi og að hún geti farið fram eftir því sem fært þykir hjá hverjum dómstól.

Í tilkynningu segir að áfram verði tekin fyrir barnaverndarmál, regluleg dómþing í einkamálum, og mál sem varða kröfu lögreglu og héraðssaksóknara um gæsluvarðhald og aðrar þvingunaraðgerðir, nauðungarvistanir og önnur mál eftir lögræðislögum sem þola ekki bið, aðalmeðferðir í sakamálum þar sem ákærði sætir gæsluvarðhaldi og munnlegur flutningur mála þar sem aðilar og vitni koma ekki til skýrslugjafar nema fram komi ósk um frest.

Í Hæstarétti verður málflytningur með boðuðum hætti nema óskað verði eftir fresti. – áá

# Skipuleggur karóki fyrir eldri borgara

Ungur listaháskólanemi er fluttur inn í þjónustuíbúð fyrir eldri borgara. Um er að ræða áframhald á tilraunaverkefni velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem gaf góða raun á síðasta ári. Skipuleggur félagsstarf fyrir eldri borgara.


**SAMFÉLAG** „Ég rak bara augun í auglýsingu sem var send til nemandi og leist strax vel á þetta. Það er mjög skemmtileg tilhugsun að brúa bil milli kynslóðanna og ég get ekki beðið eftir því að kynast nágrönnum mínum betur,“ segir Óðinn Ásbjarnarson, nemi í sviðslistadeild Listaháskóla Íslands, sem nýlega flutti inn í þjónustuíbúð í Norðurbrún sem rekinn er af velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Um er að ræða áframhald á tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar á árunum 2019-2020 sem hafði að markmiði að tengja kynslóðir saman og draga úr félagslegri einangrun eldri borgara. Fengu teir háskólanemar íbúðir leigðar á hefðbundnum kjörum auk þess sem þeir fengu síðan hlutastarf við að skipuleggja ýmiss konar félagsstarf fyrir nágranna sína.

Tilraunaverkefnið vakti almenna ánægju meðal íbúa og starfsmanna. Í umsögnum íbúa kom fram að þeir höfðu almennt góða reynslu af veru nemendanna sem veittu þeim nýja sýn á veruleika ungs fólks. Auglýst var því að nýju eftir umsækjendum og var Óðinn valinn úr hópi þeirra eftir langt ferli.

Óðinn segir að fyrstu dagarnir hafi gengið vel fyrir sig en ógnin af kórónaveirunni setji þó tímabundið strök í reikninginn. „Þetta eru náttúrulega sérstakir tímar. Allt skipulegt félagsstarf meðal eldri borgara hefur verið sett á ís tímabundið og því hefst maður ekki handa strax,“ segir Óðinn.

Hann segist hafa fengið hlýlegar móttökur þegar hann flutti inn og nokkrir nágrannar hans hafi heilsað upp á hann og kynnt sig. „Þetta þýðir bara að ég hef enn meiri tíma



Óðinn Ásbjarnarson segist hlakka til að brúa bilið milli kynslóðanna.

Ég mun hiklaust hvíla harmóníkuna.

Óðinn Ásbjarnarson

til þess að undirbúa kraftmikið félagsstarf þegar þetta ástand verður að baki,“ segir Óðinn.

Eins og námsleið hans gefur til kynna hefur Óðinn brennandi áhuga á leiklist. Hann hefur reynslu af því að halda leiklistar-námskeið, setja upp sýningar og er með fjölbreytta reynslu úr leikhúsi.

Hann stefnir á að verða leikstjóri í framtíðinni. Íbúar í í Norðurbrún mega því búast við að fá tilboð um að taka þátt í því með Óðni að búa til leiksýningu, byggða á eigin lífsreynslu og hvernig það er að eldast í Reykjavík og þurfa aðstoð og stuðning til að búa á heimili sínu.

Þá er Óðinn líka mikill áhugamaður um karóki og hefur sett upp slíka viðburði á skemmtistöðum í miðbænum. „Ég mun hiklaust hvíla harmóníkuna og setja upp dans- og karóki kvöld meðal íbúanna. Ég er viss um að það mun vekja mikla lukku.“ [bjornth@frettabladid.is](mailto:bjornth@frettabladid.is)

**AFMÆLISTILBOÐ Í MARS**

**FISKRÉTTUR**

**DAGSINS 1790 KR.KG**



**Fiskikóngurinn**  
Sogavegi 3 • Höfðabakka 1 • Sími 555 2800

# ÖLL Á SAMMA BÁTI

Atvinnulífið hvetur fólk og fyrirtæki til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að samkomubann vegna COVID-19 skili árangri. Með góðri samvinnu mun okkur takast að lágmarka neikvæð áhrif, tryggja heilsu fólks og verja störf og rekstur fyrirtækja.

## SVONA VIRKAR SAMKOMUBANNIÐ

Tryggja skal að aldrei séu 100 manns eða fleiri í sama rými á sama tíma. Það gildir ekki aðeins um skipulagða viðburði heldur einnig um vinnustaði, veitingastaði, mötuneyti, kaffihús, skemmtistaði, verslanir, sundlaugar, líkamsræktarstöðvar og söfn. Þetta á einnig við um almenningssamgöngur og aðra sambærilegra starfsemi að alþjóðflugvöllum, alþjóðahöfnum, flugvélum og skipum undanskildum.

Við fámennari mannamót skulu ávallt að vera a.m.k. tveir metrar milli fólks og skal vera gott aðgengi að handþvotti og handspritti. Þá þarf að skipuleggja rými á vinnustöðum þannig að minnst tveir metrar séu á milli fólks, eins og mögulegt er.

Samkomubannið gildir í fjórar vikur til miðnættis aðfaranóttar mánudagsins 13. apríl.

## VINNUM SAMAN

Ríkisstjórnin, Seðlabankinn, atvinnulífið og launafólk róa að því öllum árum að minnka bæði skammtímaáhrif af Covid-19 á fólk og fyrirtæki og langtímaáhrif á þjóðarbúið.

Við munum vinna náið með aðildarfyrirtækjum okkar og stjórnvöldum og markmiðið er að þessar mikilvægu aðgerðir gangi snurðulaust fyrir sig.

# Keyra út mat vegna áhrifa samkomubanns á matarúthlutanir

**COVID-19** „Þeir sem þurfa mat fá mat.“ segir Ásgeir Ásgeirsson, ljósmyndari og sjálfboðaliði. En líkt og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku hefur Mæðrastyksnefnd lokað fyrir matarúthlutanir vegna COVID-19 og vegna samkomubanns sem sett var á á miðnætti má hið sama segja um hefðbundnar matarúthlutanir hjá Fjölskylduhjálpi Íslands.

Hópur sjálfboðaliða úr ýmsum

áttum, svo sem frá Rauða krossinum, Slysavarnafélaginu Landsbjörg og Fjölskylduhjálpi Íslands hafa tekið sig saman og hyggjast keyra út matarpakka til þeirra sem eru í þeirri stöðu að þurfa að treysta á matarúthlutanir. Maturinn verður keyrður á heimili viðkomandi og þar afleiðandi skapast ekki aðstæður þar sem fjöldi fólks í einu rými fer yfir hundrad manns líkt og bann hefur verið lagt á um.



Ásgeir er sjálfboðaliði við verkefnið. MYND/PÉTUR FRIDGEIRSSON

Verkefnið er unnið að fengnu leyfi almannaavarna og sóttvarnalæknis.

Ásgeir er einn þeirra sem stendur að skipulagningu útkeyrslunnar og segist hann upplifa mikla samstöðu. „Það er æðisleg tilfinning að finna þessa samstöðu.“ segir hann. „Allir vilja leggja hönd á plóg og eru að gera sitt til þess að enginn sé matarlaus í sára fátækt.“ heldur Ásgeir áfram.

„Við megum ekki láta það gerast

að eftir nokkur ár förum við að heyra sögur af fólki sem var svangt þegar COVID-19 faraldurinn geisadi af því að það átti ekki pening fyrir mat. Maður hefur ekki hjarta í það.“ segir Ásgeir.

Stefnt er að því að keyra matinn út á fimmtudaginn og má bæði skrá sig rafrænt á vef Fjölskylduhjálpar Íslands og í gegnum síma. Allir sem uppfylla ákveðin skilyrði fá úthlutad mat. – bþj



Samtök iðnaðarins kjósa sér nýjan formann á komandi Iðnþingi.

## Árni vill verða formaður SI

**FÉLAGSMÁL** Árni Sigurjónsson, yfirlögfræðingur Marel og varaformaður Samtaka iðnaðarins (SI), hefur lýst yfir framboði sínu til embættis formanns samtakanna. Kjörrið fer fram á komandi Iðnþingi SI.

➤ Árni Sigurjónsson hefur lýst yfir framboði sínu til embættis formanns Samtaka iðnaðarins. Kjörrið fer fram á komandi Iðnþingi SI.

Árni hefur setið í stjórn SI frá árinu 2016 og verið varaformaður frá árinu 2017. Þá hefur hann átt sæti í stjórn Samtaka atvinnulífsins frá árinu 2016 og framkvæmdastjórn SA frá árinu 2017.

Árni útskrifaðist frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2003 og lauk LLM-meistaraprófi í lögum frá London School of Economics and Political Science árið 2006. Hann hefur starfað hjá Marel frá árinu 2009. Árni er kvæntur Guðrúnu Þóru Mogensen og eiga þau fjögur börn á aldrinum 4-14 ára. Guðrún Hafsteinsdóttir lætur af embætti formanns SI frá og með næsta Iðnþingi, hún hefur gegnt formanns-embættinu frá árinu 2014. – jþ

# Stjórnvöld þurfi nú að grípa til skjótra efnahagsaðgerða

Varaformaður Viðreisnar segir mikilvægt að stjórnvöld komi sem fyrst fram með áhrifamiklar aðgerðir til að mæta áhrifum COVID-19 faraldursins á efnahags- og atvinnulíf. Þingflokksformaður Samfylkingarinnar segir nauðsynlegt að huga að þeim sem missa vinnuna og hækka þurfi atvinnuleysisbætur.

**COVID-19** „Það er ekki til nein uppskrift að þessu og það veit í sjálfu sér enginn hvernig þetta kemur nákvæmlega til með að teiknast upp. Út frá efnahagslegu tilliti er þetta tvíþættur vandi.“ segir Þorsteinn Víglundsson, varaformaður Viðreisnar, um áskoranir í efnahags- og atvinnulífinu vegna COVID-19.

Annars vegar sé um að ræða skammtíma krísu þar sem höggið verði þungt en jafnframt skammvinnnt. Hins vegar þurfi að grípa til aðgerða sem snúa að efnahagslegri örvun til lengri tíma þegar efnahagskerfið sé að komast í gang aftur.

Ríkisstjórnin kynnti í síðustu viku aðgerðir til að mæta þeim efnahagslega vanda sem fyrrsæður er vegna COVID-19.

Oddný Harðardóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, leggur áherslu á tvennt í nauðsynlegum aðgerðum.

„Við þurfum að gera heilbrigðiskerfinu kleift að ráða við vandann. Ef kerfið þarf meiri fjármuni á ekki að standa á okkur. Svo þarf líka að koma til móts við þá sem missa vinnuna.“ segir Oddný.

Í því samhengi nefnir hún að gæta þurfi sérstaklega að efnahag þeirra heimila sem þurfi að búa við atvinnuleysi. „Eitt af því sem við þurfum að gera er að hækka atvinnuleysisbæturnar. Þær eru núna í sögulegu lágmarki miðað við lágmarksalaun.“

Þorsteinn segir að stjórnvöld þurfi nú að koma fram með áhrifamiklar aðgerðir og talar meðal annars um tímabundna skattaftirgjöf.



Viðbrögð við COVID-19 faraldurinum munu setja mark sitt á störf þingsins á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ég vil ekki sjá að ríkisstjórnin sitji ein við borðið og setji bráðabirgðalög.

Oddný Harðardóttir

„Þetta þurfa að vera einhverjir tugir milljarða sem er þá einhvers konar innspýting í atvinnulífið í gegnum skattaftirgjöf. Það gæti verið tímabundin aðgerð til næstu tveggja til þriggja mánaða.“

Einnig þurfi að horfa til úrræða eins og að fyrirtæki geti dreift

greiðslu opinberra gjalda yfir tiltekið tímabil. Það sé þó gert þannig að gjöldin beri vexti þannig að hvati sé fyrir þau fyrirtæki sem geti staðið í skilum að gera það.

„Það sé þannig verið að beina aðgerðunum þangað sem raunverulega er þörf. Þetta þurfa að vera hraðar og skjótar aðgerðir. Markmið þessara skammtímaaðgerða þarf auðvitað að vera að verja atvinnulífið og þar með störf til þess að skammtímahöggið leiði ekki til djúprar og langvinnrar niðursveiflu.“ segir Þorsteinn.

Þá telur Þorsteinn mikilvægt að

stjórnvöld sýni á spilin eins og unnt er miðað við óvissuna. „Allt sem stjórnvöld geta gert til að auka skýrleika og draga úr óvissu í stöðunni er mikilvægt og nauðsynlegt er að það gerist sem fyrst.“

Oddný segir einnig að mikilvægt sé að þingið geti starfað áfram og að lýðræðið verði ekki sett til hlíðar þótt tímarnir séu sérstakir. „Ég vil ekki sjá að ríkisstjórnin sitji ein við borðið og setji bráðabirgðalög. Stjórnarandstaðan, aðilar vinnu-markaðar og sveitarfélögin þurfa að vera með í ráðum því þetta varðar okkur öll.“ sighthvatur@frettabladid.is

## Bæjarfulltrúar vilja skýringar stjórnar

**KÓPAVOGUR** Fulltrúar minnihluta Samfylkingar og Pírata í bæjarstjórn Kópavogs gagnrýna stjórn Sorpu fyrir þátt sinn í því að félagið þarf nú að fá ábyrgð sveitarfélaganna sem standa að byggðasamlaginu á 600 milljóna króna viðbótarláni.

Að því er fram kom á fundi bæjarstjórnarinnar eru 600 milljónirnar viðbót við 1.400 milljóna króna lán sem nýverið þurfti að ábyrgjast til að tryggja að Sorpa færi ekki í gjaldþrot.

Þau Pétur Hrafn Sigurðsson og Bergljót Kristinsdóttir úr Samfylkingu auk Sigurbjargar Erlu Egilsdóttur úr Pírötum bókuðu að afar hratt hefði sigið á ógæfuhliðina í rekstri SORPU. Ekki kæmi til greina að láta reksturinn stöðvast og því ekki hægt annað en að samþykka auknar lánaheimildir.

„Hér hefur ekki tekist vel til. Framkvæmdastjórnin hefur verið látinn taka pokann sinn en ekkert fararsnið er á stjórninni.“ bentu



Frá byggingu gas- og jarðgerðarstöðvarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

bæjarfulltrúarnir á og bentu á að stjórnin eigi að samþykka fjárhags- og starfsáætlun og hafa reglubundið eftirlit með að framkvæmdastjórnin fylgi henni. Stjórnin eigi að annast að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna.

Þessir þrjú bæjarfulltrúar ásamt tveimur fulltrúum Viðreisnar og einum bæjarfulltrúa úr meirihlutunum, sjálfstæðiskonunni Hjördísi

Ýri Johnson, kölluðu í sameiginlegri bókun eftir nánari skýringum.

„Í ljósi þess að fjárhagsáætlanir hafa ekki staðist og enn hafa ekki komið endurskoðaðar rekstraráætlanir þá óska undirrituð eftir því að endurskoðaðar rekstraráætlanir fyrir Gas- og jarðgerðarstöðina verði lagðar fram eins fljótt og auðið er.“ segir í bókun bæjarfulltrúanna sex. – gar

BERRY ALLOC

# Harðparket

MIKIÐ ÚRVAL Á LAGER

**ALFABORG**

Skútuvogi 6  
104 Reykjavík  
Sími: 568 67 55  
alfaborg.is

- allt á gólfð -

**AÐ GEFNU TILFNI:**

# Íslensk mjólk býr við mikið og dýrmætt framleiðsluöryggi

## Eins og heimsbyggðin öll

stendur íslensk þjóð um þessar mundir frammi fyrir óvæntum aðstæðum og umtalsverðum breytingum í daglegu lífi sínu. Sumt er þó ólíklegt að fari úr skorðum. Eitt af því er framboð á mjólk og öllum helstu mjólkurvörum.

## Íslenskur mjólkuriðnaður

hefur alla tíð sett hreinlæti og framleiðsluöryggi í öndvegi allrar starfsemi sinnar. Þau leiðarljós fá enn frekara vægi á tímum sem þessum.

## Um 550 kúabændur

um land allt sinna frumframleiðslu mjólkur og reka afurðastöðvar sínar með þremur grunnstöðum; á Akureyri, Sauðárkróki og Selfossi auk minni stöðva í Búðardal og á Egilsstöðum. Allir verkferlar hafa verið lagaðir að nýjum aðstæðum til þess að lágmarka hættu á að starfsfólk forfallist. Þrátt fyrir mikla sérhæfingu afurðastöðvanna er einnig tryggt að þær geti hlaupið í skarðið hver fyrir aðra ef á þarf að halda.

## Hættan á mjólkurvöruskorti

er þess vegna í lágmarki. Í góðu samstarfi við matvöruverslun í landinu munum við hér eftir sem hingað til leggja grunn að hnökralausu framboði á ferskum mjólkurvörum, ostum og öðrum helstu framleiðsluvörum okkar. Um leið leggjum við okkar lóð á vogarskálar fæðuöryggis á Íslandi og tökum undir með stjórnvöldum og forsvarsmönnum verslunarinnar um að ástæðulaust sé að breyta innkaupavenjum af ótta við vöruskort.

## Kirkjuhald víðast fellt niður

**COVID-19** Páskaguðsþjónusta páfa í næsta mánuði verður haldin án mætingar sóknarbarna. Þetta er gert til að hefta Covid-19. Þetta kom fram í fordæmalausri tilkynningu frá rómversk-kaþólsku kirkjunni í Vatikaninu í gær.

Páskar eru mesta og elsta hátíð kristinna manna. Páskaguðsþjónusta páfastóls, sem er fjögurra daga stórvíðburður frá skírdegi til páska-dags, dregur venjulega tugþúsundir manna til Róm og til Vatíkansins.

Í tilkynningu á heimasíðu páfastóls er sagt að fram að páskadagsmorgni 12. apríl, verði áfram hægt að sjá messur páfa og blessun á netinu og í sjónvarpinu en án þátttöku almennings. Vatikaníð hefur þegar látið loka öllum kirkjum í Róm sem og söfnum.

Rétttrúnaðarkirkjan hefur ekki tilkynnt um breytingar á helgisíðum. Melnik Gerasim, biskup í Búlgaríu, sagði á laugardag að sakramentið og lofgjörðin séu ekki

smitleið fyrir virusinn, því það sé „ekki af þessum heimi“. „Það hafa engin slík mál komið upp í þúsundir ára,“ sagði hann.

Sakramenti er heilög athöfn sem færir hinum trúðu hlutdeild í lífi Drottins og myndar samfélag þeirra með honum. Rómversk-kaþólska kirkjan og rétttrúnaðarkirkjan segja sakramentin sjö: Skírn, ferming, skriftir, heilög kvöldmáltíð, smurning sjúkra, prestsvígsla og hjónaband.



Engin sóknarbörn verða í páska-messunni í Vatikaninu. MYND/GETTY

Gríska rétttrúnaðarkirkjan telur að þátttaka í lofgjörð og altarisgöngu geti ekki verið orsök smit-sjúkdóma. Við altarisgöngu er dreypt af vígðu víni sem tákna blóð Krists. Í helgisíðum Austurkirkjunnar er venjulega veitt úr sameiginlegri skeið. Kaþólska kirkjan hefur hætt þeim síð.

Afstaða grísku kirkjunnar hefur vakið sterk viðbrögð. Fyrirverandi forsætisráðherra Grikklands, hefur sagt kirkjuna hunsa vísindi. - ds



Sjón á borð við þessa er algeng um allan heim. MYND/GETTY

## Áhrif veirunnar um allan heim

**COVID-19** Yfirvöld í Austurríki tilkynntu í gær að blátt bann væri í gildi við víðburðum þar sem fleiri en fimm koma saman. Einnig voru gefnar tilskipanir þess efnis að öllum veitingastöðum yrði lokað þar frá og með morgundeginum.

Á næstu vikum verður Bretum með undirliggjandi sjúkdóma og öllum sem hafa náð sjötíu ára aldri gert að halda sig heima við í Bretlandi vegna COVID-19 faraldursins. Heilbrigðismálaráðherra Bretlands Matt Hancock segir aðgerðirnar vera nauðsynlegar til að vernda þau sem eru í áhættuhópi. Fólk í landinu hefur einnig verið hvatt til að hamstra ekki matvæli.

Spænsk og frönsk stjórnvöld hafa gripið til víðtækra lokana um land allt til að bregðast við útbreiðslu kórónaveirunnar. Á Spáni hefur verið tilkynnt um fordæmalaust tveggja vikna neyðarástand og tilkynnt hefur verið um lokun almenningsvæða sem ekki veita nauðsynlega þjónustu í Frakklandi.

Þýsk stjórnvöld ætla sér að loka landamærum sínum að Frakklandi, Austurríki og Sviss frá og með deginum í dag „að hluta,“ vöruflæði verður áfram tryggt yfir landamærin. - kdi, bdi

# Hvetja fólk til að skrásetja og senda minningar um faraldur

Handritasafn Landsbókasafnsins hvetur fólk til að skrifa niður minningar og upplifanir á COVID-19 faraldurinum og safna gögnum fyrir frændimenn og fjölmíðlafólk framtíðarinnar. Þetta séu sögulegir tímar og persónuleg gögn geta reynst mjög notadrjúg. Skriflegar heimildir teljast bestar til að tryggja varðveislu

**COVID-19** Handritasafn Landsbókasafns Íslands hvetur fólk til að skrásetja og halda utan um minningar og persónulegar heimildir um COVID-19 faraldurinn og senda safninu. Slík gögn geti verið afar gagnleg fyrir frændimenn og fjölmíðlafólk framtíðarinnar.

„Ég tel að það sé um að gera fyrir fólk sem er í sóttkví og hefur kannski lítið að gera að setja eitt-hvað niður á blað og senda til okkar,“ segir Bragi Þorgrímur Ólafsson, fagstjóri handritasafnsins. En itrekar þó að safnið sé ekki aðeins að leita eftir efni frá veikum eða þeim sem séu í sóttkví, heldur öllum.

Bragi rifjar upp að árið 2018 voru starfsmenn handritasafnsins að rannsaka árið 1918, í samstarfi við RÚV og Listahátið. „Okkur var falið að finna áhugaverða fleti þar sem fólk er að lýsa lífinu á þessu ári, í bréfasöfnum, dagbókum og ýmiss konar heimildum, og fundum upplifanir af þeim hamförum sem þá geisðu.“ En það ár er þekkt fyrir Kötlugos, Frostaveturinn mikla, endalok fyrri heimsstyrjaldar og spænsku veikina.

Þegar COVID-19 faraldurinn kom upp sáu Bragi og samstarfsfólk hans að nú væri gullið tækifæri til að fá fólk til að safna ýmsum heimildum, því þetta sé faraldur sem fjallað verður um í sögubókum framtíðarinnar. „Þetta er sannarlega sögulegur tími og mikilvægt að til séu heimildir um hann,“ segir Bragi.

Landsbókasafnið var stofnað árið 1818 og handritasafnið 1846.



COVID-19 faraldurinn hefur haft viðtæk áhrif á daglegt líf fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Þetta er sannarlega sögulegur tími og mikilvægt að til séu heimildir um hann,**

Bragi Þorgrímur Ólafsson fagstjóri

Allar götur síðan þá hefur handritasafnið safnað heimildum, og fengið að meðaltali um tvær afhendingar á viku.

„Skriflegar heimildir eru bestar til að tryggja varðveislu,“ segir Bragi og nefnir dagbókarfærslur fólks, útprentaða tölvupósta um röskun á skólastarfi og skjáskot af samfélagsmiðlafærslum sem dæmi. Þetta geti til dæmis fjallað um veik-

indi í fjölskyldunni, ástand í verslunum og hvers kyns upplifanir eða hugleiðingar um faraldurinn og áhrif hans.

Hægt sé að setja lokunarskilmála, það er að gögnin verði ekki aðgengileg fyrr en eftir ákveðinn tíma, að hámarki 80 ár. Fólk sem sent hefur inn gögn geti ávallt farið á safnið til þess að skoða þau seinna meir.

kristinnhaukur@frettabladid.is

## Lóan er komin að kveða burt snjóinn

**SAMFÉLAG** Lóan er komin til Íslands, en það var starfsmaður á vegum Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands kom auga á fyrsta fuglinn í gær. Þetta kemur fram á Facebook síðu Fuglaathugunarstöðvarinnar.

„Lóan er komin, í gær heyrði BB í heiðlóu utan við Ósland á Höfn, en sá ekki svo ekki var verið að tilkynna hana þá. Í dag heyrði hann aftur í heiðlóu, nú á Flóanum við Höfn, og tókst svo að sjá hana. Það hafa engar lóur verið á Höfn eða nágrenni síðan í haust,“ segir á Facebook síðunni.

„Á svæðinu Höfn-Berufjörður voru í dag 5-600 tjaldar, yfir 2.000 álftrir, nokkrar grágæsir, 20 brandendur og svo hefur rauðhöfðaðum fjölgað, einnig eru greinilega komnir stelkar við Höfn.“

Lóan hefur lengi verið talin helsti vorboði landsins og er þá vísað til ljóðsins „Lóan“ sem er eftir Pál Ólafsson.



Það sást til heiðlóu, vorboðans ljúfa, á Flóanum á Höfn í Hornafirði í gær.

» Einnig eru greinilega komnir stelkar við Höfn.

Það má því ætla að landsmenn taki fagnandi á móti lóunni eftir langan, kaldan og erfiðan vetur með tilheyrandi náttúruhamförum og faraldri.

- oæg, bdi

**RÝMI**  
OFNASMIÐJAN



**METALSISTEM**

Gott verð og góð þjónusta

Nú fæst **METALSISTEM** hillukerfið í Rými



Rými Ofnasmiðjan | Gylfahlöt 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is



ergomotion®



**20%**

af öllum stillanlegum heilsurúmum

# Upphaf nýrra drauma!

## Ergomotion

Góður nætur svefn er lykillinn að góðum morgundegi.  
Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.  
Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá pokagormum yfir í náttúrulegar latexdýnur eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.

Tilboðsverð frá  
**307.608 kr.**

Hjónarúm 2x90x200 cm  
Fullt verð frá 384.510 kr

  
FYRIR HEIMILIÐ

Davíð Stefánsson  
david@frettabladid.is



Víð innganginn á torfkofanum, er dóttirin lögð á kúskinn, samkvæmt fyrirmælum kvenna sem þekkja athöfnina. Stúlkan verður að afklæðast áður en hún er þvegin með köldu vatni til að deyfa líkamann. Tvær konur halda síðan um fætur stúlkunnar meðan sú þriðja heldur efri hluta líkamans aftan frá. Fjórða kona hefst þá handa með rakvélarblaði...

Hér verður ekki haldið lengra í óhugnanlegri lýsingu þýska tímaritsins Spiegel sem birt var í grein í síðustu viku um limlestingu á kynfærum stúlkna í Kenía. Þar hafði ung stúlka verið rænd bernsku sinni – og reism.

Fá orð lýsa þeim óbærilegu þjáningum sem milljónir stúlkna í Afríku, Asíu og víðar mega líða vegna limlestinga á kynfærum. Í flestum tilvikum gildir væntanlega það sama um foreldrana. Í nafni aldagamalla hefða eru skorin burt ytri kynfæri stúlkna að hluta eða öllu leyti til að merkja umskipti frá barnæsku til fullorðinsára.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin segir limlestingar á kynfærum stúlkna ofbeldi og mannréttindabrot. Orðið limlesting er æ meir notað yfir umskurð kvenna, enda lýsir það betur alvarleika verknadarins sem er í raun misþyrming, afskræming og limlesting.

#### Ella útskúfun

Talið er að þessi blóðuga samfélags- og ættbálkahefð eigi rætur að rekja til tíma faraóa Egyptalands fyrir árbúsundum. Þaðan breiddist hún út og festi rætur einkum um miðbik Afríku, Miðausturlönd og Asíu.

Flest vísar hér til kúgunar undir þrýstingi samfélagsins. Foreldrar eigi vart annarra kosta vól, ella kalli það á útskúfun. Einungis þannig verði kona fullgild og virðingarverð. Talið er að stúlkur viðhaldi frekar meydómnum og verði síður ótrúar eiginmönnum sínum. Bæla þurfi niður kynhvöt og koma í veg fyrir lauslæti og samkynhneigð.

Híð sanna er hins vegar að limlestingar á kynfærum kvenna eru kynbundið ofbeldi og ofsóknir sem falla undir alþjóðlega verndarsamninga. Á það minna alþjóðleg samtök á borð við Rauða krossinn.

#### Limlestingar við frumstæðar aðstæður

Í stuttu máli felast limlestingar í að ytri kynfæri kvenna eru fjarlægð að hluta til eða öllu leyti og jafnvel saumað fyrir leggöng. Aðgerðin, sem er líkamleg valdbeiting gegn stúlkum, er oft gerð við frumstæðar aðstæður, bágborið hreinlæti og án nokkurrar deyfingar.

Langalgengast er, eða í um 80 prósent tilfella, að snipur og skapabarmar eru fjarlægðir að hluta eða öllu leyti. Sjaldgæfari eru hvers konar ónnur skaðleg inngrip á borð við stungur, götun, skurði, brennslu og skröpun.

Afleiðingarnar eru oft óbætanagerlegar skaði, bæði líkamlegur og andlegur. Hræðilegur sársauki, lífshættuleg sýking, stjórnlaus saur- og þvaglát, og í verstu tilfellum blæðir stúlkunum út. Viðkomandi getur borðið ör á sál og líkama alla ævi að ógleymdum sársauka eða skynleysi við kynlíf.

#### 200 milljónir stúlkna og kvenna verið limlestar

Þrátt fyrir að limlestingar á kynfærum kvenna séu á undanhaldi eru þær enn allt of algengar. Alþjóðlegri þráttu miðar seint. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni hafa um 200 milljónir stúlkna og kvenna víða um heim verið limlestar á kynfærum. Árlega eiga þrjár milljónir stúlkna það á hættu að verða fyrir slíkri limlestingu, oftast á aldrinum fjögurra til 14 ára.


Breytingar og bönn eru þungur röður. Mörg ríki heims hafa þegar



Ung stúlka af Maasai ættbálkum í Kenía. Sem betur fer hefur dregið úr limlestingum á Maasaistúlkum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Meybörn og miskunnarleysi

200 milljónir stúlkna og kvenna víða um heim hafa verið limlestar á kynfærum. Árlega eiga þrjár milljónir ungra stúlkna það á hættu á að vera umskornar. Hefðir og hindurviti eru harðir húsbændur.



#### Umfang um miðbik Afríku

Limlesting eða umskurður á kynfærum kvenna er algengastur um miðbik Afríku, allt frá Vestur-Afríku til horns Afríku við Indlandshaf. Meðfylgjandi kort sýnir umfangið í 28 Afríkuríkjum. Verknadurinn er þar misalgengur, um 98 prósent kvenna í Sómalíu og um eitt prósent kvenna í Úganda eru skornar. Fjöldinn er einnig mjög breytilegur innan hvers lands, enda er um að ræða menningarvenju sem hefur mismikil áhrif innan ólíkra þjóðarbrot. Þá ná ýmsir ættflokkar yfir landamæri.

■ 76% - 100% ■ 26% - 50%  
■ 51% - 75% ■ 0% - 25%

Heimild: Bresku samtökin „28 Too Many“ sem beita sér gegn umskurði á kynfærum kvenna, halda úti ýmsum upplýsingum um málið.

Flest vísar hér til kúgunar undir þrýstingi samfélagsins. Foreldrar eigi vart annarra kosta vól, ella kalli það á útskúfun. Einungis þannig verði kona fullgild og virðingarverð.

bannað umskurð. Þannig varð Súdan, árið 1946, eitt fyrsta ríki heims til þess að banna verknadurinn með lögum. Enn er meirihluti súðanskra kvenna skorinn.

Ströng lög Kenía frá árinu 2011 bönnuðu einnig verknadurinn og víðurlög við broti á banninu eru þriggja ára fangelsi og sektir. En þær breytingar ná seint til afskekktara byggða og umskurður er framkvæmdur í leyfum við enn frumstæðari og hættulegri aðstæðu fyrir konurnar.

#### Útbreiðsla verknadarins

Umskurður á kynfærum kvenna er algengastur um miðbik Afríku, allt frá Vestur-Afríku til horns Afríku við Indlandshaf. En hann nær einnig til Arabíuskaga, norður til Kúrdístan og til Malasíu og Indónesíu. Þessir síðir og venjur hafa síðan borist með innflytjendum frá þessum löndum, jafnvel til Norðurlandanna.

Á meðfylgjandi korti sést umfang umskurðar kvenna í 28 Afríkuríkjum. Verknadurinn er þar misalgengur, um 98 prósent kvenna í Sómalíu og um eitt prósent kvenna í Úganda eru umskornar. Fjöldi slíkra aðgerða er einnig mjög breytilegur innan hvers lands, enda er um að ræða menningarvenju sem hefur mismikil áhrif innan ólíkra þjóðarbrot.

#### Hefðir harðir húsbændur

Limlestingar á kynfærum kvenna eiga rætur sínar að rekja í frumstæðar hugmyndir og skort á þekkingu um konur og kvenlíkamann. En vísan til hefðar eða siðvenju réttlætir ekki verknadurinn. Þrælshald, sæmdarmorð og aðra ómannúðlega hegðun er ekki hægt að styðja með vísan til hefða. Þetta eru mannréttindabrot sem lítillækka og meidda og nauðsynlegt er að mótmæla og uppræta með öllu. En hefðir og hindurviti eru harðir húsbændur.





**SUBARU**

Confidence in Motion



# RAFMAGNIÐ ER KOMIÐ Í SUBARU

Ný kynslóð Subaru XV er nú í fyrsta sinn búin nútíma raftækni sem kallast e-BOXER HYBRID. Í henni sameinast kostir þverliggjandi BOXER-vélar með einstaklega lágan þyngdarpunkt og rafmótors sem á hjóðlátan hátt sparar eldsneyti, eykur afl og minnkar CO<sub>2</sub> útblástur.

## ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA NÝJAN SUBARU XV e-BOXER

### SUBARU XV PREMIUM e-BOXER HYBRID

Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn. Verð: 5.990.000 kr.



### BL kolefnisbindur notkun nýrra bíla

BL hefur gengið til samstarfs við samfélagssjóðinn Kolvið til að kolefnisbinda notkun allra nýrra bíla sem seldir eru til einstaklana. [www.bl.is/kolefnisjofnun](http://www.bl.is/kolefnisjofnun)

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



## Taka tvö



Jón Þórisson  
jon@frettabladid.is

Það eru dæmalausir tímar sem við lifum um þessar mundir. Sumir sem eru orðnir eldri en tvævetur muna tímann í aðdraganda hrunsins árið 2008 og mánuðina á eftir. Óvissuna, angistina og jafnvel örvæntinguna.

Andinn nú í þessu stríði við útbreiðslu veirunnar minnir sumpart á þá tíma. Við vitum nú eins og við vissum þá að áhrifin verða víðtæk á daglegt líf okkar allra og óttumst það óþekkt. Það er þó reginmunur á þessu tvennu þegar borid er saman kóvið og hrunið.

Kjarni máls er að við vitum að kóvið gengur yfir fljótt, kannski á nokkrum vikum og þá verða allar forsendur til þess að tilveran komist í samt lag á ný. Það var ekki þannig með hrunið. Vissan var engin. Fjárhagur fjölda heimila í uppnámi og alveg óvist hvernig fólki hér myndi reida af. Það fór þó í stórum dráttum allt á besta veg. Það er líka sá munur að ríkissjóður og Seðlabanki standa vel að vígi nú til að fást við efnahagsleg áhrif þessa tímabundna ástands. Sú var ekki raunin þá.

Váin sem fyrir dyrum stendur er þriþætt. Í fyrsta lagi er það veiran sjálf sem allir geta smitast af og ekki er lækning við né bóluefni. Reynslan kennir að hún leikur helst þá grátt sem stríða við skert ónæmiskerfi eða eru veilir af öðrum ástæðum. Svo eru það aðgerðirnar sem gripið er til svo megi hemja útbreiðslu hennar. Þar á meðal samkomubann. Það er vandasamt að velja viðbúnaðinn, þær aðgerðir sem gripið er til og hvenær. Og hættan er sú að viðbrögðin valdi tjóni umfram það sem áætlanlegt er. Fram til þessa hafa viðbrögð sóttvarna-yfirvalda verið fálmlaus og traust.

Í þriðja lagi eru það viðbrögð til að verjast þeim neikvæðu efnahagslegu áhrifum sem allt þetta uppnám veldur.

Ríkisstjórn Íslands kynnti aðgerðir í vikunni til að vege á móti áhrifum af efnahagslegum hamförum sem ríða yfir hér vegna þessa veiruskratta. Sú kynning var rýr og erfitt að finna tók styrkrar handar stjórnvalda sem svo brýn þörf var á. Mánaðarfrestun helmings opinberra gjalda hrekkur skammt. Samkomubanninu verður þá nýlökid, verði það ekki framlengt þegar þar að kemur. Eftir ákvörðun stjórnvalda fjölda ríkja um lokun landamæra eru þessi áform í sjó líðum orðin hjóm eitt. Það blasir við að fólk frá þessum löndum ferðast ekki hingað við þessar aðstæður.


Nú gefst stjórnvöldum því fágætt tækifæri til að endurskóða sín áform um aðgerðir: taka tvö. Það dugur ekkert hálfkák í þeim efnunum og leggja þarf áherslu á raunverulegar aðgerðir sem skila skjótvirkum árangri fyrir efnahagslífið. Að flýta framkvæmdum er ágætt út af fyrir sig en áhrifa þess gætir ekki fyrr en eftir dúk og disk. Niðurfelling tryggingagjalds, skattalækkanir, dreifing greiðslna vegna skila á virðisaukaskatti sem er í byrjun næsta mánaðar og fleira getur skipt sköpum svo efnahagslífið hristi af sér áhrif þessarar veiru.

Séu opinberar ákvarðanir af þessu tagi teknar af myndarskap mun það skila sér ríkulega og tryggja áfram fjölbreytt atvinnulíf í landinu. Undir því eigum við öll.



Sú kynning var rýr og erfitt að finna tók styrkrar handar stjórnvalda sem svo brýn þörf var á.

## Halldór



## Frá degi til dags

## Flokkur fólksins

Samkomubann er nú í gildi á landinu. Reyndar ekki alveg í fyrsta sinn, eins og nánar greinir frá í þessu blaði. Bannið tók gildi á miðnætti. Ótvírætt veldur það því að samkomur sem eru fjölmennari en hundrað manns eru slegnar af eða þeim frestað. Þetta hefur misjöfn áhrif. Ótölu- legum fjölda samkoma hefur verið frestað, allt frá fermingum og afmælum til fjölmennra árs- hátíða og fundahalda. Fundir á vegum stjórnmalaflokka eru þar ekki undantekning.

Á sunnudaginn fyrir viku aflýsti Flokkur fólksins öllum samkomum á þeirra vegum vegna veirunnar. Sennilega hafa forvígismenn flokksins gert ráð fyrir því að þegar samkomubann yrði sett á, yrði miðað við lægri tölu en eitt hundrað manns því ekki er að búast við að samkomur á hans vegum séu fjölmennari en svo að strítt hefði gegn samkomubanninu.

## Félagsskítafélagið

Þá eru þær fréttir af Félagi íslenskra félagsskíta að það ætlar að halda sinu striki þrátt fyrir samkomubannið. Þar verður efnt til samkoma hér eftir sem hingað til. Eftir að hafa gluggað í félagatalið kom nefnilega í ljós engin ástæða er til að óttast að fundarsókn sprengi hundrað manna markið. Samkomur þeirra verða því haldnar með óbreyttu sniði.

## Aldarafmæli Alfreðs



Jakob F. Ásgeirsson, rithöfundur og bókaútgefandi

Á þessum degi fyrir eitt hundrað árum fæddist í Reykjavík Alfreð Eliasson, maðurinn á bak við Loftleiðaævintýrið. Um tveggja áratuga skeið voru Loftleiðir Icelandic eitt þekktasta flugfélag á Vesturlöndum og frumkvöðull lágra fargjalda á tímum einokunar evrópskra ríkisflugfélaga.

Mikill ævintýraljómur var yfir fluginu í þá daga og þjóðin dáðist að sígrum Loftleiða: Upphafi reglubundins flugs til Ísafjarðar og Vestmannaeyja, sildarleitinni, komu fyrstu íslensku millilandaflugvélarnar, leigu- flugi til framtíðar landa, björgun flugvélar af Vatnajökli og Atlantshafsfluginu sem lauk upp umheiminum fyrir einangraðri eyþjóð langt úti í Norður-Atlantshafi.

„Slower but lower“ voru einkunnarorð Loftleiða sem buðu lægri fargjöld en önnur flugfélög milli Bandaríkjanna og Evrópu í eldri flugvélum með viðdvöl á Íslandi. Þetta sló í gegn og þegar best lét voru Loftleiðir með 3,8% hlutdeild í farþegaflugi yfir Atlantshaf. Starfsmenn félagsins voru þá á bilinu 1300–1600 víða um lönd og Loftleiðamenn starfræktu 29 söluskristofur í helstu stórborgum, átta þriðjung í einu stærsta frakt- flutningafélagi heims, Cargolux, stóran hlut í glæsishótelum í Lúxemborg og ráku flugfélagið International Air Bahama.

„Stopover“-tilboð Loftleiða lagði grundvöll að íslenskri ferðaþjónustu með því að bjóða flugfarþegum að dvelja 1–3 daga á Íslandi á ferðalagi sínu yfir Atlantshafið. Í kjölfarið stórfjölgði ferðamönnum á Íslandi og Loftleiðamenn reistu Hótel Loftleiðir, starfræktu eigin ferðaskrifstofu og ráku bilaleigu með 200 bílum.

Það er því ekki að undra að Loftleiðir hafi iðulega verið kallað „stærsta ævintýrið á Íslandi“ eða „óskabarn lýðveldisins“. Fyrirtækið aflaði þrefalt meiri tekna en allur togarafloti landsmanna og skilaði gríðarlegum gjaldeyrstekjum í þjóðarþúið.

Leiðtögin í þessu mikla ævintýri var Alfreð Eliasson. Saga Loftleiða er saga Alfreðs Eliassonar. Athafnir hans fyrr og síðar endurspeglar ekki aðeins dugnað, hugvitssemi og einbeittan vilja, heldur líka staðfestu, nýtni og goðsemi. Lengri útgafu greinarinnar má finna á frettabladid.is



Saga Loftleiða er saga Alfreðs Eliassonar.

## TUDOR Start/stop

AGM þurrir og EFB sýru rafgeymar fyrir bíla með start/stop búnaði



Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI  
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

# Afhjúpanir veirunnar

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

F rasi dagsins í mínu nærumhverfi er án efa orðasambandið „þetta eru fordæmalausir tímar“. Ef sá gállinn væri á manni gæti maður vissulega notað þennan frasa til að réttlæta alls konar hluti, í anda þeirrar nálgunar að í öllum krísam tímum liggi tækifæri. Hefja mætti óhóflegt nammiát. Safna síðu að aftan. Drekka kokteila í krumpugalla á svölunum um miðjan dag. Missa sig í kommentakerfum. Gerast kóviti og segja sóttvarnalækni hvað sé að fréttu. Bara að láta allt flakka. Gera það sem manni sýnist. Hverjum er ekki sama? Þetta eru fordæmalausir tímar.

En þetta gerir maður auðvitað ekki. Fordæmalausir eru tímarnir vissulega. Löndum er lokað. Útgöngubann í ríkjum Evrópu. Samkomubann hér. Í Noregi má fólk ekki einu sinni vera í kofunum sínum, las ég um helgina. Hver hefði trúað því? Og Ítalir mega ekki kyssast.

Almennt séð er hins vegar magnað að upplifa hvernig meirihlutinn sem vanalega er þögull birtist manni nú. Fólk er yfirvegað. Fólk er reiðubúið að fylgja fyrirmælum sérfræðinga. Fólk hjálpast að. Þegar allt er í sömu og krísa er engin, þá sér maður ekki þetta



fólk. Þá sér maður meira hina, uppivöðsluseggina og æsingafólkið. Tími þeirra er ekki núna. Það má sín lítils gegn margnum.

## Sæmó þjóð

Þetta er áhugavert og eykur manni von. Skynsemisráddir eru alltumlykjandi í íslensku samfélagi um þessar mundir. Ákvarðanir eru teknar á grunni staðreynda og bestu fyrirliggjandi upplýsinga. Þær eru útskýrðar. Fólk almennt hlustar.

Maður skyldi aldrei vanmeta möguleikann á því að skitur fari í víftuna á einhverjum tímamarki, og allt fari í háloft, en það breytir ekki því að á þessum tímamarki í Íslandssögunni er maður sem borgari í þessu landi allveru-

lega sáttur við sitt fólk. Það gerist ekki alltaf. Þessi veruleiki leiðir hugann að vissum áhugaverðum álitamálum: Þessi veira. Þetta gríðarlega uppbrot á öllu okkar hefðbundna lífi. Þessir fordæmalausu tímar. Hvaða veruleiki er að teiknast upp? Hvað er veiran að sýna okkur?

Ég vil meina að hún sé að sýna okkur alla vega þetta: Að Ísland er alveg sæmó. Hér er mikil þekking til staðar. Fólk er upplýst og samheldnin er mikil.

Það er engu logið um það að eftir síðustu krísu, þegar efna-hagskerfið fór á hliðina, vonuðu margir að slíkir stjórnumarhættir yfirvegunar og skynsemi yrðu ofan á. Margir reyndu að koma á alls konar samráði og greiningum



**Umhugsunarefnin eftir veiruvá verða mýmörg. Hvert er hlutverk stjórnmála? Eru ríki heimsins virkilega hætt að starfa saman? Eru Bandaríkin endanlega fallin af leiðtogastalli hins frjálsa heims?**

svo hægt yrði að taka ákvarðanir á grunni bestu upplýsinga. Það tókst ekki fulllega. Reidin varð of oft ofan á. Núna erum við að upplifa krísu þar sem reidin er alls ekki ofan á. Hún er víðs fjarri. Kannski leyfist manni að vona að í framtíðinni, þegar við sem þjóð þurfum að takast á við alls konar komandi krísur og úrlausnarefni — fjöldagjaldþrot í kjölfar veirunnar, samfélagsbreytingar vegna loftslagsmála — að þá verði gripið til þessa móðels. Að þekking og upplýsingar stjórni ákvörðunum.

## Mýmörg umhugsunarefni

Veiran afhjúpar máttleysi hefðbundinna stjórnmála. Ríkisstjórn og Alþingi eru ekki leiðandi öfl, a.m.k. ekki á þann hátt sem hingað til hefur verið gert ráð fyrir. Eðlið hefur breyst. Rökræður úr pontu þingsins hafa enga sérstaka þýðingu. Þessi þróun hefur átt sér stað á nokkrum tíma. Lítil ástæða er til

að hafa mikla trú á því að krísur leysist eða mikilvægar breytingar eigi sér stað að frumkvæði stjórnmálaöfla, þótt góður vilji einstaklinga kunni að vera til staðar. Óbreyttur vettvangur býður ekki upp á það, með uppþotum sínum og samstöðuleysi, fingrabendingum og loðnu orðalagi aðgerða, þá þegar gripið er til þeirra. Kannski er veiran að afhjúpa hvernig hlutverk stjórnmálaöfla þarf að breytast. Það skiptir æ minna máli hvað stjórnmálaöflki finnst um mál, í sjálfu sér. Mikilvægara er að það hlusti á það sem upplýsingar og þekking segir að þurfi að gera í heimi hinna yfirþyrmandi og ótrúlega aðkallandi úrlausnarefna. Vonin er þá þessi: Auðnist stjórnmálaöflum að breyta sér í þessa veru mun heimur batna.

Sjáðið til. Landlægur ósiður í stjórnmálum víða í heiminum undanfarið hefur verið sá að gera lítið úr þekkingu og vísindum í því augnamiði að auka stundarvöld og verja stöðu úreltra hagsmuna. Nú afhjúpar veiran út um allar koppagrundir hversu hættuleg þessi nálgun er á stjórnmál. Í Bandaríkjunum mun gorgeir forsetans í garð þekkingar kosta mannlíf. Samfélög sem hafa tekið vána alvarlega og hlustað á staðreyndir eru hins vegar að ná tókum á verkefnum.

Umhugsunarefnin eftir veiruvá verða mýmörg. Hvert er hlutverk stjórnmála? Eru ríki heimsins virkilega hætt að starfa saman? Eru Bandaríkin endanlega fallin af leiðtogastalli hins frjálsa heims? Hver leiðir í staðinn? Og síðast en ekki síst: Skapast fyrir því stemning á fordæmalausum tímum að hefja þekkingu og sannleika aftur til vegs og virðingar?

## Enginn er eyland



Héðinn Halldórsson upplýsinga-fulltrúi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar

E inu sinni fór íslenskur ráðamaður til Líbanon að kynna sér lífskjör sýrlenskra og palestínskra flóttamanna. Það sem stóð upp úr eftir heimsóknina var að Líbanon skorti rafvirkja. Dönsk starfssystir hans hafði stuttu áður farið til Jórdaníu í sömu erindagjörðum, og póstað færslu á Facebook um góðan shawarma.

Íslenskar fréttir eru sumar af þeim toga að maður spyr sig hvort samkennd fyrirfinnist ekki lengur. Eins og það skorti hreinlega skilning eða hvort lega Íslands úti í ballarhafi, firri það ábyrgð í alþjóðasamfélaginu. Það er þetta með sambengi hlutanna, það hvernig heimurinn er tengdur. Nema Ísland. Enginn er eyland, nema kannski Frón? Enda er það svo að á alþjóðavettvangi tala íslensk stjórnmöld gjarnan um jafnrétti kynjanna, jarðhita og mannréttindabrot Sáda – en síður um stefnu Íslands sem fjölmenningsamfélag, túlkun á Dyflinnarreglugerðinni eða vilja til að axla ábyrgð í einu af stærstu málum samtímans, metfjölda fólks á flótta; vegna átaka, efnahags og hamfarahlýnunar. Því flikum við ekki, ekki frekar en við flikum því þegar við vísam barni úr landi í skjóli nætur. Bölvað vesen þegar það svo verður að forsiðumynd.

Það leggur enginn á opið haf með börnin sín nema rík ástæða sé til, sagði afganskur faðir við mig, á grískri eyju. Ég nýt nefnilega þeirra



**Og á meðan flensan geisar, ætla íslensk stjórnmöld að senda börn til Grikklands, í sama mund og Þjóðverjar hyggjast bjarga börnum þaðan.**

forréttinda starfs míns vegna að hitta „þetta fólk“; flóttamenn og hælisleitendur augliti til auglitis. Ég hef oft óskað þess að íslenskir ráðherrar heyruðu og sæju það sem ég sé og heyri. Ættingja drengsins sem druknaði og lá á grúfu í fjöruborðinu. Sjó ára föðurlausa sýrlenska stúlku sem sagðist dansa í kúlaregninu og sprengjagnýnum til að bæjja óttanum frá. Hún vildi ekki gráta. Fjögurra barna móður á flótta frá Mosul, og börnin hennar sem litu út fyrir að vera dain þar sem þau sváfu, örmagna í sandinum við hlið hennar. Fylgdarlaus Mahmoud, 14 ára, á unglingsheimili á Ítalíu. Hann hafði misst vin sinn á leiðinni frá Níger til Líbyu. Sýrlenski Fares í Líbanon sem vissi ekki hvað hann var gamall og hafði aldrei séð skólafestu; hann gat ekki skrifað orðið sól en hann gat teiknað sól.

Á vef Útlendingastofnunar svarar stofnunin því játandi að hún geti lagt mat á aðstæður í Grikklandi án

þess að hafa farið þangað sjálf; því hún hafi lesið skýrslur. Ég hef líka lesið og skrifað skýrslu eða tvær. En ég hef líka séð aðbúnað flóttamanna á grískum eyjum. Og þeir voru í búrum.

Í málefnum hælisleitenda á Íslandi hefur um árabil ríkt henti-stefna. Aðeins í stöku tilfellum þeirra sem hafa átt sér íslenska málsvara eða hvers mál hefur fengið fjölmiðlaathygli, hefur verið fallið frá brottvísunum á síðustu stundu. Með skitaredningum eftir undirskriftasafnanir. Og stundum hefur það ekki dugað til. Kerfi og lög finna ekki til samkenndar, en það gera - eða ættu að geta gert - þeir sem setja reglurnar.

Þessa dagana herjar skæð flensa á heiminn. Ekki stríð sem stráfellir fólk, heldur flensa. Og fyrst hún getur hrist upp í gildismati okkar og skotið skelk í bringu, hvað getur þá stríð og ofsóknir? Og á meðan flensan geisar, ætla íslensk stjórnmöld að senda börn til Grikklands, í sama mund og Þjóðverjar hyggjast bjarga börnum þaðan.

Má vera að það sé tímabært að þeir ráðherrar sem málið varðar leggi land undir fót? Og þá er ég ekki að meina verslunarferð til New York með stelpunum eða golfferð til Tene. Heldur vinnuferð til að kynna sér aðstæður í Grikklandi. Að þeir fari til Grikklands í stað hælisleitendanna sem á að vísa á brott. Nú eða í flóttamannabúðir, sem enginn hörgull er á? Ef af verður, þá vona ég að ráðamönnum takist að tjá sig um – ekki raflagnir, nú eða aðgengi flóttamanna að áfengi í matvöruverslunum, heldur það sem raunverulegu máli skiptir - líf og dauða annarra. Þetta er spurning um að vera réttum megin sögunnar og að gera rétt. Og nú er lag. Flóknara er það ekki.

## Verjum afkomu heimilanna



Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi

Íslenskt samfélag hefur staðið frammi fyrir margvíslegum krefjandi verkefnum undanfarið misseri. Á tímum heimsfaraldurs er að mörgu að huga. Mikilvægasta fyrirliggjandi verkefnið er takmörkun á útbreiðslu COVID-19 svo standa megi vörð um fólk og heilbrigði. Full ástæða er til að treysta því forystufólki sem af yfirvegun leiðir okkur gegnum þetta tímabundna ástand. Samhliða þarf að standa vörð um störf og afkomu heimilanna. Því verður mikilvægt að grípa til aðgerða sem verja atvinnulíf í borginni.

Atvinnulausum hefur fjölgað að undanfögnu samkvæmt tölfræði frá Vinnumálastofnun og Hagstofu Íslands. Launahækkunar samkvæmt kjarasamningum hafa víða reynst atvinnurekendum þungbærar. Samkvæmt könnun sem Félag atvinnurekenda lét framkvæma meðal félagsmanna, þurfti þriðjungur félagsmanna að grípa til uppsagna í kjölfar kjara-viðræðna síðasta árs. Þær aðstæður sem nú hafa skapast vegna COVID-19 munu að líkindum leiða til þess að atvinnuleysi eykst enn frekar.

Hagkerfið er sannarlega berskjaldað fyrir þeim ytri áhrifum sem faraldurinn veldur. Nú þegar má greina efnahagsleg áhrif faraldursins hérlendis, en áhrifanna getur sennilega þyngst í ferða-

þjónustu. Fólk heldur að sér höndum, eftirspurn eftir vörum og þjónustu minnkar og fólk ferðast að líkindum minna. Þegar tekjur dragast svo skyndilega saman er fyrirséð að atvinnurekendur reyni til þrautar að draga úr útgjöldum. Við slíkar aðstæður getur reynst nauðsynlegt að grípa til uppsagna. Það eru aðstæður sem við viljum fyrirbyggja.

Hlutur ferðaþjónustu í útflutningstekjum Íslands er hærri en í öllum þeim ríkjum sem við almennt berum okkur saman við. Verulegur samdráttur í íslenskri ferðaþjónustu mun því að endingu smitast út í allt efnahagslífið.

Í þessu ófyrirséða árferði er nauðsynlegt að stjórnmöld grípi til aðgerða sem staðið geta vörð um störf og afkomu heimilanna. Á borgarstjórnarfundum nú á þriðjudag mun Sjálfstæðisflokkur leggja fram tillögur sem stöðja við fyrirtæki í tímabundnum rekstrarerfiðleikum svo koma megi í veg fyrir uppsagnir. Tillögurnar miða að lækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði, lengdum gjaldfresti, lægri gjaldskrá og auknum krafti í opinberar framkvæmdir. Jafnframt að ráðist verði í markaðsáttak til stuðnings ferðaþjónustu í borginni. Markmið aðgerðanna er að veita fyrirtækjum í borginni auknið svigrúm svo bregðast megi við þessum ófyrirséðu aðstæðum.

Við verðum að draga úr álögum, auka svigrúm og mæta þeim tekjumissum sem fyrirsjáanlega mun raungerast hjá stórum hluta atvinnurekenda í borginni. Því má ekki gleyma að aðgerðir sem þessar gagnast ekki aðeins atvinnurekendum, heldur fyrst og fremst launafólki og heimilum í borginni.

# Zion er góður innan sem utan vallar

Nýliðinn Zion Williamson stóð undir væntingum á fyrstu mánuðum sínum í NBA-deildinni og er synd að hann fái ekki að byggja á því næstu vikurnar. Jarðbundni drengurinn er ljúfmenni utan vallar en illviðráðanlegur fyrir andstæðinga sína inni á vellinum.

**KÖRFUBOLTI** Það er hálfgerð synd að þegar Zion Williamson var loksins kominn inn á völinn og að leiða lið New Orleans Pelicans í þá átt sem ætlast var til þegar félagið valdi hann í nýliðavali síðasta árs, skuli deildin fara í hlé vegna útbreiðslu kórónaveirunnar. Eftirvæntingin eftir að sjá hvernig hann myndi takast á við NBA-deildina og trukkana sem biðu þar, eftir að hafa verið eins og fullorðinn karlmaður meðal barna í háskólaboltanum, var gífurleg og stóð Zion undir væntingunum fyrstu vikurnar. Önnur eins fjölmiðlaumfjöllun hefur ekki fylgt dreng á þessum aldri síðan LeBron James kom inn í deildina en það hefur ekki komið niður á Zion sem er afar jarðbundinn. Hann er duglegur að taka þátt í góðgerðarverkefnum og aðstoðaði meðal annars Barack Obama við að úthluta ritföngum og mat til krakka sem þurftu á því að halda í Chicago-borg í síðasta mánuði.

Það er lítið öryggi hjá leikmönnum í NBA-deildinni og geta meiðsla bundið enda á ferilinn skyndilega. Í tilfalli Zion fékk hann að kynna því að biða á hliðarlínunni fyrstu mánuði tímabilsins vegna hnémeiðsla og eru sérfræðingar ekki vissir hversu langur ferillinn verði með þennan ógurlega skrokk. Það kom ekki í veg fyrir að Zion fetaði í fótspor annarra leikmanna NBA-deildarinnar og bauðst til að greiða laun starfsfólksins í höllinni sem New Orleans Pelicans leikur í á meðan hléið stendur yfir. Þetta framlag ætti ekki að trufla ungstirnið sem fær tæplega tíu milljónir dollara fyrsta ár sitt í deildinni ásamt því að vera búinn að gera styrktarsamninga við Jordan-línu Nike, Gatorade, Panini America, Mercedes-Benz, Fanatics, Beats, Mountain Dew og 2K Sports.

**Væntingarnar upp úr öllu valdi.** Zion kemur úr mikilli íþróttafjölskyldu, faðir hans þótti efnilegur í ruðningi og móðir hans var efnileg í spretthlaupum. Stjúpfaðir hans var leikstjórnandi í háskólakörfuboltanum og átti eftir að hafa mikil áhrif á feril hans. Á yngri árum var Zion lágvaxinn og var því leikstjórnandi fyrstu ár körfuboltaferilsins ásamt því að æfa bæði knattspyrnu og ruðning. Zion lét það ekki stöðva sig og byrjaði að æfa klukkan fimm að morgni aðeins níu ára gamall. Þegar hann var þrettán ára stækkaði hann um sextán sentimetra, byggði upp vöðva og varð skyndilega óstöðvandi. Á sama tíma fóru myndbönd af Zion að troða að slá í gegn á YouTube og var hann kominn á forsíðu Slam Magazine sautján ára gamall. Fyrir vikið hrönnuðust inn tilboð frá bestu háskólum Bandaríkjanna og valdi Zion að leika fyrir Duke.

Hjá Duke myndaði Zion ógnarsterkt þríeyki með Cam Reddish og RJ Barrett. Liðið vann 32 leiki en féll út í átta liða úrslitum marsfársins (e. March madness). Tveimur vikum seinna tilkynnti Zion að hann myndi skrá sig í nýliðavali NBA-deildarinnar en áhrif hans á bandaríska háskólakörfuboltann voru auðsjáanleg. Miðaverð á leiki þegar Duke kom í heimsókn rauk upp og var Zion valinn besti leikmaður tímabilsins.

New Orleans Pelicans þurftu á nýrri stórstjörnu að halda í sumar eftir að hafa skipt Anthony Davis



Hinn nítján ára gamli Zion er með ógurlegan skrokk og líkist framherja en með hæfileika leikstjórnanda þegar hann ber upp boltann. NORDICPHOTOS/GETTY



Zion var ekki lengi að henda í fyrsta veggspjald ferilsins gegn Hawks.



Í stærsta leik Duke í fyrra rifnuðu skór Zion og verðbréfin í Nike hrundu.

til Los Angeles Lakers og virðist val félagsins á ungstirninu ætla að skila því góðu. Stuðningsmenn liðsins þurftu að vera þolinmóðir á meðan Zion, sem verður tvítugur í sumar, náði sér af meiðslum en gengi liðsins var slakt. Í byrjun febrúar var

loksins komið að eldskírinni og bauð Zion upp á sautján stig í röð í fjórða leikhluta í naumu tapi gegn San Antonio Spurs. Tapið sveið eflaust að einhverju leyti en ljóst var að hér var komin stórstjarna.

Í næstu tuttugu leikjum vann



Brosildur eftir að hafa verið kosinn besti leikmaður háskólaboltans.

» Þegar Zion meiddist í Nike-skóm í háskólaleik á síðasta ári lækkuðu hlutabréfin í Nike um eitt prósent eða 1,12 milljarða bandaríkjadala.

Pelicans þrettán sinnum eftir að hafa unnið sautján af fyrstu 44 leikjum sínum þar áður. Um leið varð Zion fyrsti leikmaðurinn undir tvítugu sem skorar tuttugu stig eða meira í tíu leikjum í röð.

Ef NBA-deildin hefst á ný eftir þetta hlé er ljóst að það verður erfitt fyrir Pelicans að laumast inn í úrslitakeppnina úr þessu. Möguleikinn er til staðar en frestin er ekki hliðholl Pelicans. Félagið gæti því þurft að biða í eitt ár eftir tækifærinu á að gera sig gildandi í úrslitakeppninni en ljóst er að með Zion, Brandon Ingram og Lonzo Ball sem ungan kjarna er jafnvel hægt að kokka saman meistaraefni.

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓLK**

MÁNUDAGUR 16. MARS 2020

Lífsstíll



Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístex, segir að fyrirtækið sé framsækið og stefni á umhverfisvæna framleiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Íslenska ullin er einstök

Ístex í Mosfellsbæ framleiðir handprjónaband úr íslenskri ull og má þar nefna Plötulopa, Álafosslopa, Jöklalopa og Léttlopa. Ístex framleiðir einnig og selur ullarteppi auk þess að gefa út handprjónabækur með fjölbreyttri hönnun. ➔2

FRÉTTIR, FÓLK &  
MENNING á Hringbraut  
og hringbraut.is



Fylgstu með!

## Framhald af forsiðu →

Ístex hf. er ullarvinnslufyrirtæki sem hefur starfað samfellt frá árinu 1896, fyrst undir nafni Álafoss. Ístex tók við starfsemi árið 1991. Sigurður Sævar Gunnarsson er framkvæmdastjóri Ístex. Sigurður segir að íslenska ullin sé einstakt hráefni. „Okkar hlutverk hjá Ístex er að tengja saman ull frá íslenskum bændum til neytandans sem vill vinna úr einstöku náttúrulegu efni. Eitthvað sem er bæði skemmtilegt, nýtsamt og gefandi,“ segir Sigurður og bætir við: „Lopa og lopapeysur þekkja allir Íslendingar, hins vegar eru ekki eins margir sem þekkja alla þá vinnu sem felst í að þróa þráð úr ull. Ferill sem liggur frá bónda, felur í sér þvott og spuna sem að lokum verða meistaraverk í höndum hönnuða og handverksfólks víða um heim,“ greinir hann frá.

„Eitt af okkar skemmtilegu en krefjandi verkefnum er að gefa út Lopabækur. Síðustu tvö ár hefur Védís Jónsdóttir hannað flikur og ritstýrt bókunum. Það er alltaf jafn gaman að sjá fólk á förnum vegi í hönnun úr Lopabókunum okkar. Þá hefur Védís verið að skapa nýja línu í værdarvöðum sem verða til á næsta ári og auka fjölbreytni í þeim vöruflokki.“

## Metnaður í þróun

Sigurður segir að hjá Ístex hafi verið lagður metnaður og mikil vinna í þróunarmál undanfarið ár og mörg verkefni séu þegar farin að bera ávöxt. „Hér njótum við þess að hafa reynt starfsfólk, þar af eru margir sem hafa áratuga reynslu í ullargeiranum. Þá höfum við bætt við okkur textilverkfræðingum og verkefnastjóra nýrra markaða til að ýta þessum nýjungum áfram. Við höfum haft að leiðarljósi tvö meginmarkmið til að þjónusta viðskiptavinum okkar sem best. Það fyrra er að vera enn umhverfisvænni. Mikil vinna hefur farið í að þróa og gera litun umhverfisvænni. Vinna er hafin við að taka upp OEKO-Tex 100 staðalinn sem staðfestir að vörur okkar innihaldi engin skaðleg efni. Við gerum þá kröfu til allra okkar birgja að efnið frá þeim uppfylli þennan staðal. Hins vegar er um að ræða yfir 4.500 uppskriftir þannig að það tekur tíma að fá allar vörur vottaðar. Við erum nú þegar búin að fá þessa vottun fyrir ullarþvottastöðina okkar á Blönduósi. Þannig að öll ull frá okkur hefur hlotið þessa viðurkenningu. Nokkuð sem okkar viðskiptavinir geta strax nýtt sér,“ útskýrir Sigurður.

## Ull er gull

„Hitt markmiðið í okkar þróunarvinnu er að búa til tækifæri fyrir ull sem við nýtum ekki nú þegar í handþrjónaband, líkt og mislita ull. Sængurnar Embla og Íðunn sem við bjóðum á lopidraumur.is eru skemmtileg dæmi um slíkt. Þær hafa einmitt hlotið OEKO-Tex stimpilinn. Við erum þakklát fyrir þær frábæru viðtökur sem sængurnar hafa fengið,“ segir Sigurður og bætir við að mörg önnur spennandi verkefni séu í þróunarferli og nálægt því að komast á koppinn. „Lopi-Loft er einangrunarefni í flikur sem fataframleiðendur hafa verið að



Sigurður Sævar segir að íslenska ullin sé afar verðmæt og í raun einstök. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Ullarteppin frá Ístex eru notaleg og hlý. Teppi sem gott er að eiga heima.



Ístex vinnur ýmsar vörur úr íslenskrri ull.



Íslensk ullarsæng er kjörin gjöf.



skoða í sína framleiðslu. Lopi-Fur sem er ullarefni sem líkist gæru, en hentar viðskiptavinum sem vilja náttúrulegt efni af lifandi skepnu. Ólíuskiljur í skip og ofin efni í hljóðeinangrun og fatnað. Þá eru ótalin verkefni allt frá listaverkum til ofinna ullarefna fyrir fataframleiðslu. Við hvetjum alla þá sem hafa góðar hugmyndir um úrvinnslu íslensku ullarinnar að hafa samband við okkur,“ segir Sigurður og bætir við að ull sé gull.

Sjá upplýsingar um sængurnar á lopidraumur.is




Ístex er eina ullarverksmiðjan sinnar tegundar á landinu. Ullin er unnin þegar hún kemur frá bændum. Hér stendur Sigurður við öflugna vinnsluvél.

# Fasteignablaðið

11. TBL. MÁNUDAGUR 16. MARS 2020

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS



## heimili

fasteignasala  
á traustum grunni

Bogi Molby Pétursson löggiltur fasteignasali. • Finnogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



**588 4477**  
Síðumúla 27  
www.valholl.is

Reykjavík  
Snæfellsbæ  
Höfn Hornafirði

**Fagleg þjónusta**  
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

## Vandað hús á Seltjarnarnesi

**F**rá eigninni nýtur útsýnis til sjávar, að Keili, Esjunni og víðar. Húsið er mjög vandað og er masívt niðurlímt parket á gólfum og sérsmíðaðar innréttingar í öllu húsinu. Aukin lofthæð í stórum hluta hússins, gólfsíðir gluggar að hluta, vandaðar innréttingar og fallegt útsýni.

Lýsing eignar: Forstofa, náttúruflisar á gólfi, fata-skápar og fatahengi. Hol, parketlagt gólf og aukin lofthæð. Loft og veggir klædd með mahóni og innbyggð lýsing í loftum. Baðherbergi, marmaralagt gólf og veggir, marmaralögð sturta og veggskápar. Barnaherbergi I, inn af holi, er parketlagt og rúmgott og með fata-skápum. Eldhús, parketlagt og bjart með mjög fallegum hvítum sprautulökkuðum og víðarinnréttingum með flisum á milli skápa, innbyggðri uppþvottavél og gert er ráð fyrir tvöföldum ísskáp. Borðaðstaða er í eldhúsi. Borðstofa, við eldhús er parketlögð og með innbyggðum skápum í vegg.

Í borðstofu eru gólfsíðir gluggar til suðurs. Skáli, við borðstofu er parketlagður og með útgengi á afgirta víðarverönd til suðurs og vesturs og þaðan á lóð. Setustofa, sem gengið er í um þrjú þrep bæði úr holi og borðstofu, er mjög rúmgóð og björt með mikilli lofthæð, innbyggðri lýsingu í lofti og fallegri kamínu. Svefngangur, sem gengið er á um þrjú þrep úr holi, er parketlagður. Barnaherbergi II, parketlagt og rúmgott og með fata-skápum. Barnaherbergi III, parketlagt og rúmgott og með fataskápum.

Baðherbergi, mjög rúmgott og bæði með ofanbirtu og



Vandað einbýlishús er til sölu á Seltjarnarnesi.

opnanlegum glugga. Marmaralagt gólf og veggir, miklar innréttingar og extra breitt baðkar sem er fellt niður í gólf að hluta og með marmaralögn í kring.

Hjónaherbergi, stórt, parketlagt og með útgengi á verönd til austurs. Fataherbergi, inn af hjónaherbergi, er með rennihurð við hjónaherbergi, parketlagt og með góðum innréttingum og glugga.

Þvottaherbergi, marmaralagt gólf, góðar innréttingar með vinnuborði og vaski og útgengi á afgirta víðarverönd til norðurs og vesturs með heitum potti. Bílskúr, sem innangengt er í úr holi niður um þrjú þrep, er mjög rúmgóður og með góðri lofthæð.

Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Fasteignamarkaðarins ehf. í síma 570-4500 eða á netfanginu fastmark@fastmark.is

## Fasteignasala Mosfellsbæjar

EINAR PÁLL KJÆRNSTED LÖGG. FASTEIGNASALI

KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • WWW.FASTMOS.IS



Svanþór Einarsson  
Lögg. Fasteignasali • S: 698-8555



Sigurður Gunnarsson  
Lögg. Fasteignasali • S: 899-1987

### Hrafnhöfði 31 - 270 Mosfellsbær



Hringdu og bókaðu skoðun

### Glæsilegt 232,8 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð á útsýnislóð.

Eignin er skráð einbýli 194,7 m<sup>2</sup> og bílskúr 38,1 m<sup>2</sup>. Eignin skiptist í stofu, borðstofu, eldhús, sjónvarpsherbergi, vinnuhol, fjögur svefnherbergi, fataherbergi, baðherbergi, gestasnyrtingu, þvottahús, geymslu og bílskúr. Húsið er mjög skemmtilega hannað. Góð lofthæð og gólfsíðir gluggar sem gerir eignina bjarta og skemmtilega. Hellulagt bílapan með hitalögn. Fallegur garður með timburverönd og hellulögðum veröndum. Lóðin er sérlega vel staðsett í jaðri golfvallarinnis. Stutt í leikskóla, grunnskóla og sundlaug/heilsurækt. **V. 112,2 m.**

### Gerplustræti 37, íbúð 211 Mos



Laus strax

Falleg 61,2 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í nýlegu lyftuhúsi. Fallegar innréttingar og gólfefni. Innbyggður ísskápur og uppþvottavél í innréttingu. **V. 35,9 m.**

### Arkarholt 12 - 270 Mos



Hringdu og bókaðu skoðun

Fallegt 185,3 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með rúmgóðum bílskúr á stóri lóð við Arkarholt 12 í Mosfellsbæ. Fjögur svefnherbergi. Timburverönd í suðvestur og stórt bílapan á 1006 m<sup>2</sup> lóð. Skipt var um járn og pappa á þaki árið 2018. **V. 75,9 m.**

### Lækjartún 5 - 270 Mosfellsbær



Opið hús mánudaginn 16. mars frá kl. 17:00 til 17:30

Fallegt 188,5 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð. Eignin er skráð 188,5 m<sup>2</sup>, þar af íbúðarrými 136 m<sup>2</sup> og bílskúr 52,5 m<sup>2</sup>. Eignin stendur á 1.000 m<sup>2</sup> eignarlóð með þremur timburveröndum, leikskúr/geymsluskúr, heitum potti og stóru hellulögðu bílapani með hitalögn. **V. 74,9 m.**

### Gerplustræti 8, íbúð 206 - 270 Mosfellsbær



OPIÐ HÚS

Laus strax

Opið hús mánudaginn 16. mars frá kl. 17:00 til 17:30

Falleg 3-4ra herbergja íbúð á 2. hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Eignin skiptist í stofu, eldhús, baðherbergi/þvottaherbergi og tvö svefnherbergi og geymslu.

Geymslan er með glugga og er parketlögð og því möguleiki á að nota geymsluna sem svefnherbergi. Rúllugardur er í öllum gluggum. **V. 44,9 m.**

### Gerplustræti 31, íbúð 202 - 270 Mosfellsbær



OPIÐ HÚS

Opið hús mánudaginn 16. mars frá kl. 18:00 til 18:30

Mjög falleg 96,2 m<sup>2</sup>, 4ra, herbergja íbúð á 2. hæð með fallegu útsýni, ásamt bílastæði í bílageymslu, í lyftuhúsi. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi/þvottaherbergi, eldhús og stofu. Fallegar innréttingar og gólfefni. Skjólgóðar svalir í vesturátt með fallegu útsýni. **V. 48,9 m.**

### Hraunbær 14 - 110 Reykjavík



OPIÐ HÚS

Opið hús þriðjudaginn 17. mars frá kl. 17:00 til 17:30

Falleg og mikið endurnýjuð 61,4 m<sup>2</sup>, tveggja herbergja íbúð með á annari hæð. Eignin skiptist í stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi. Sér geymsla í kjallara. **V. 30,9 m.**

### Fljótasel 1 - 109 Reykjavík



Hringdu og bókaðu skoðun

241,4 m<sup>2</sup> endaraðhús með tveimur íbúðum og 23,3 m<sup>2</sup> bílskúr. Eignin er skráð 264,7 m<sup>2</sup>, þar af íbúð 80 m<sup>2</sup>, íbúð 161,4 m<sup>2</sup> og bílskúr 23,3 m<sup>2</sup>. Tvennar svalir. Bílskúr sem fylgir er endabílskúr í sérstæðri bílskúralengju. Rólegur og góður staður í Seljahverfi, stutt er í alla helstu þjónustu, skóla og leikskóla. Komid er að viðhaldi og endurnýjun á eigninni. Gólfefni og innréttingar eru upprunarleg. **V. 74,9 m.**



**BÁRUGATA 15, 273,2 m<sup>2</sup>**  
101 REYKJAVÍK, 125.000.000 kr.

Sverrir Kristinnsson  
Lögg. fasteignasali  
S. 861 8514/sverrir@eignamidlun.is

Magnea S. Sverrisdóttir  
Lögg. fasteignasali  
S. 861 8511/magnea@eignamidlun.is

**RAUÐALÆKUR 6, 70,1 m<sup>2</sup>**  
105 REYKJAVÍK, 37,5 mkr.

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir  
Lögg. fasteignasali  
S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is



**BÓKID SKOÐUN**



**OPIÐ HÚS** mánudaginn 16. mars kl. 17:30-18:00

Afar sjarmerandi og falleg 3ja herbergja íbúð á neðstu hæð í fjórþýlishúsi á vinsælum stað í Lauganeshverfinu. Íbúðin getur verið laus til afhendingar fljótlega.

Höfum fengið í einkasölu veglega eign við Bárugötu 15 í Reykjavík (skráð á tveimur fastanúmerum), samtals 273,2 fm. Húsið var byggt 1942, teiknað af Sigmundi Halldórssyni arkitekt. Mjög falleg og mikið endurnýjuð 121,4 fm 5 herbergja íbúð er á 2. hæð hússins en henni tilheyrir nýlega innréttuð 37,9 fm stúdíóíbúð á 1. hæð (búð skv. teikningu) og 58,9 fm rými einnig á 1. hæð þar sem eru m.a. tvö rúmgóð herbergi, eldhúsaðstaða og snyrting, þvottahús og geymsla. Þá tilheyrir eigninni 25,5 fm bílskúr og búíð er að leggja fyrir hleðslustöð fyrir rafbíl hjá bílskúr. Til viðbótar þessu tilheyrir eigninni 29,5 fm íbúð í útbyggingu í garði við hlið bílskúrs (vinnustofa á teikningu). Einn annar eigandi er að heildarhúseigninni að Bárugötu 15 í dag. Mjög eftirsótt staðsetning rétt hjá Landakotstúni og miðbæ Reykjavíkur. Glæsileg eign sem býður uppá mikla möguleika.

**BÓLSTAÐARHLÍÐ 64, 54,0 m<sup>2</sup>**  
105 REYKJAVÍK, 34,4 mkr.

Magnea S. Sverrisdóttir  
Lögg. fasteignasali  
S. 861 8511/magnea@eignamidlun.is



**OPIÐ HÚS** mánudaginn 16. mars kl. 17:30-18:00

Mjög falleg og björt 54 fm 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í fjórþýlishúsi við Bólstaðarhlíð. Íbúðin skiptist m.a. í hol, stofu, eldhús, herbergi og baðherbergi. Góðar vestursvalir. Frábær staðsetning. Örstutt í leikskóla, skóla, verslanir og þjónustu.

**FROSTAFOLD 187, 100,4 m<sup>2</sup>**  
110 REYKJAVÍK, 44,9 mkr.

Brynjar Þór Sumarliðason  
Lögg. fasteignasali  
S. 896 1168/brynjar@eignamidlun.is



**OPIÐ HÚS** mánudaginn 16. mars kl. 17:00-17:30

Virkilega góð 100,4 fm íbúð á 2. hæð í fjórþýlishúsi. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð, sér inngangur, gott útsýni og merkt bílastæði á lóð. Nýlegar innihurðir, nýleg eldhúsinnrétting, nýleg baðinnrétting. Húsið nýlega málað. Stutt í skóla og leikskóla.

**EFSTALEITI 21, 100,6 m<sup>2</sup>**  
103 REYKJAVÍK, 74,9 mkr.

Ármann Þór Gunnarsson  
Lögg. fasteignasali  
S. 847 7000/armann@eignamidlun.is



**OPIÐ HÚS** þriðjudaginn 17. mars kl. 17:00-17:30

Efstaleiti 21 íbúð 601 4 herbergja íbúð í nýju glæsilegu lyftuhúsi með góðu útsýni. Litir og samsetningar innréttinga og flísa voru valdar af Rut Káradóttur innanhússarkitekt. Fullfrágenginni með harðparketi sem er Quick step frá Harðvifarvali á meginrymum.

**KLEIFARVEGUR 5, 377,6 m<sup>2</sup>**  
104 REYKJAVÍK, 149 mkr.

Sverrir Kristinnsson  
Lögg. fasteignasali  
S. 861 8514/sverrir@eignamidlun.is



**BÓKID SKOÐUN**

Glæsilegt 377,6 fm einþýlishús á þremur hæðum við Kleifarveg 5 í Laugarásnum. Húsið skiptist m.a. í hol, stofu, borðstofu, eldhús, 5-6 herbergi, tvö baðherbergi og snyrtingu. Bílskúr. Stór garður, bæði fyrir framan húsið og aftan. Sumarhús er í bakgarði.

**MARÍUBAKKI 6, 83,3 m<sup>2</sup>**  
109 REYKJAVÍK, 35,9 mkr.

Þóririnn M. Friðgeirsson  
Lögg. fasteignasali, sölustjóri  
S. 899 1882/thorinn@eignamidlun.is



**BÓKID SKOÐUN**

3 herb. íbúð á 2. hæð í mikið viðgerðu húsi á mjög góðum útsýnisstað í bökunum. Endurnýjað eldhús og baðherbergi. Tvö svefnherb. Glæsilegt útsýni. Nýir gluggar og gler að mestu, hús nýlega viðgert og sameign mjög góð.

**YSTASEL 7, 285, m<sup>2</sup>**  
109 REYKJAVÍK, 78,5 mkr.

Hreiðar Levy Guðmundsson  
Lögg. fasteignasali  
S. 661 6021/hreiðar@eignamidlun.is



**BÓKID SKOÐUN**

Einþýlishús á mjög góðum og eftirsóttum stað í Seljahverfinu með 3 herbergja ca. 130 fm aukaíbúð á jörðhæð. Frábær staðsetning í Seljahverfinu í Breiðholti í göngufjarlægð frá skóla, leikskóla og íþróttasvæði íR.

**VESTURGATA 7, 101,8 m<sup>2</sup>**  
101 REYKJAVÍK, 47,9 mkr.

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir  
Lögg. fasteignasali  
S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is



**OPIÐ HÚS** þriðjudaginn 17. mars kl. 17:30-18:00

Afar falleg og skemmtilega skipulögð 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í góðu lyftuhúsnæði í hjarta miðborgarinnar. Íbúðin er í húsnæði fyrir aðila, sem eru 67 ára eða eldri. Eitt herbergið hefur verið opnað inn í stofu þannig að nú eru tvær samliggjandi stofur í íbúðinni, rúmgott hjónaherbergi og eitt minna herbergi

**HRAUNBRAUT 38, 162,6 m<sup>2</sup>**  
200 KÓPAVOGUR, 79,9 mkr.

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir  
Lögg. fasteignasali  
S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is



**BÓKID SKOÐUN**

Hljólegt hús umlíkið ævintýragarði. Í hluta af neðri hæðinni er 2ja herbergja íbúð og á efri hæðinni eru tvö svefnherbergi, sjónvarpshol, tvær stofur, eldhús og baðherbergi. Afar fallegur og veðursæl garður, með göngustígum, pöllum og heitum potti. Margvíslegar tekundir af plöntum eru í garðinum.

**TJARNARSTÍGUR 5, 85,5 m<sup>2</sup>**  
170 SELTJARN., TILBOÐ

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir  
Lögg. fasteignasali  
S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is



**OPIÐ HÚS** miðvikudaginn 18. mars kl. 17:30-18:00

Sjarmerandi 3ja herbergja íbúð með sérinngangi í rólegum og fjölskylduvænum hluta Seltjarnarness. Íbúðin er á neðri hæð í tvíþýli. Tvö afar rúmgóð svefnherbergi. Sér bílastæði við húsið. Skjólsæll garður. Stutt í alla helstu þjónustu. Birt stærð íbúðarrýmisins er 85,8 fm skv. Þjóðskrár Íslands.





GRENSÁSVEGUR 11

SÍMI 588 9090

Hreiðar Levy Guðmundsson Nemi til löggildingar fasteignasala Sími 661 6021



Ármann Þór Gunnarsson Löggiltur fasteignasali Sími 847 7000



Hrafnhildur Björk Baldursdóttir Löggiltur fasteignasali Sími 862 1110



Herdis Valb. Hölludóttir Lögræðingur og löggiltur fasteignasali Sími 694 6166



Bjarni T. Jónsson Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali Sími 895 9120



Ólafur H. Guðgeirsson Rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali Sími 694 6166



Jenny Sandra Gunnarsdóttir Skrifstofustjóri



Guðbjörg Mathíasdóttir Lögræðingur og löggiltur fasteignasali Sími 588 9090



Ásdís H. Júlíusdóttir Ritari



María Waltersdóttir Móttökuritari

MARKHOLT 4, 150,1 m<sup>2</sup> 270 MOSFELLSBAER, 66,9 mkr.

BÓKID SKOÐUN



Markholt 4, 150.1 fm 5 herbergja fallegt einbýlishús með bílskúr og fallegum garði. Húsið er einkar vel staðsett með stórri lóð. Stutt í alla þjónustu, ss sund, skóla og íþróttastarf.



Daði Hafþórsson Lögg. fasteignasali S.824 9096/dadi@eignamidlun.is



STAPASEL 11, 175,4 m<sup>2</sup> 109 REYKJAVÍK, 65,5 mkr.

Daði Hafþórsson Lögg. fasteignasali S.824 9096/dadi@eignamidlun.is



OPIÐ HÚS þriðjudaginn 17. kl. frá 17.00-17.30

Töluvert endurnýjað tengihús, (parhús) á grónum stað við Stapasel í Reykjavík. Húsið er skráð 175,4 fm og er bílskúr þar af 21 fm. Nýtt eldhús, nýtt badherbergi á efri hæð og margt yfirfarið. Húsið er staðsett á fallegum stað í botnlangagötu.

HEIÐARGERÐI 26, 252,6 m<sup>2</sup> 108 REYKJAVÍK, 92,9 mkr.

OPIÐ HÚS mánudaginn 16. mars kl. 17:00-17:45



7 herbergja sérbýli með aukaíbúð. Talsvert mikið endurnýjað einbýlishús á mjög góðum stað í smábúðarhverfinu í Reykjavík. Eignin er 252,6 m<sup>2</sup> að stærð með litilli sér íbúð, skjólgóðum palli, fallegum garði, góðum bílskúr og hellulagðri upphitaðri innkeyrslu. Eignin var öll endurnýjuð 2002 og var breytingin hönnuð af Albínu Thoroddsen arkitekt.



Bjarni T. Jónsson Lögg. fasteignasali S. 895 9120/bjarni@eignamidlun.is



VESTURBERG 131, 215,5 m<sup>2</sup> 111 REYKJAVÍK, 76,9 mkr.

Daði Hafþórsson Lögg. fasteignasali S.824 9096/dadi@eignamidlun.is



OPIÐ HÚS þriðjudaginn 17. mars kl 17:00-17:30

Vesturberg 131, 215,5 fm 6 herbergja einbýlishús með bílskúr. Húsið er mjög vel við haldið og með góðan yfirbyggðan sólskála. Húsið er á þremur þöllum þó að aðal hæðin sé ríkjandi. Stór bílskúr með heitu og köldu vatni. Einn eigandi frá upphafi.

EFSTALEITI 21, 112,3 m<sup>2</sup> 103 REYKJAVÍK, 66,9 mkr.

Bjarni T. Jónsson Lögg. fasteignasali S. 895 9120/bjarni@eignamidlun.is



OPIÐ HÚS þriðjudaginn 17. mars. kl. 17:00-17:30

Efstaleiti 21, er glæsileg 112,3 fm 4 herbergja íbúð á annari hæð í Efstaleiti í nýlegu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er tilbúin til afhendingar við kaupsamning fullbúin með innbyggðum ísskáp og uppþvottavél í eldhúsi, harðparketi á gólfum að undanskildum badherbergjum og þvottahúsi þar eru vandaðar flisar og kubbálýsing er í loftum.

LANGAMÝRI 12, 303,3 m<sup>2</sup> 210 GARÐABÆR, 103,9 mkr.

Bjarni T. Jónsson Lögg. fasteignasali S. 895 9120/bjarni@eignamidlun.is



BÓKID SKOÐUN

7 herb. raðhús með aukaíbúð! Mikið endurnýjað raðhús á góðum stað í hjarta Garðabæjar. Húsið er á þremur hæðum með innbyggðum bílskúr. Sannkallað fjölskylduhús með 4 svefnherbergjum. Að auki er tveggja herbergja íbúð í húsinu með sérinnangi bakatíl. Viðhaldslétt lóð.

SKELJATANGI 5, 273 m<sup>2</sup> 102 REYKJAVÍK, 154 mkr.

Kjartan Hallgeirsson Lögg. fasteignasali S.824 9093/kjartan@eignamidlun.is



BÓKID SKOÐUN

Einstaklega vel staðsett og vel hannað 273 fm einbýlishús á einni hæð sem stendur á 1.140 fm eignarlóð við Skeljatanga á einum allra besta stað við strandlengjuna í Reykjavík, sunnan megin í Skerja rðinum. Sjávarmegin eru stórir gluggar og einstakt útsýni yf fjörðinn til Álftanes, Bessastaða og út óann.

GRUNDURLAND 2, 280 m<sup>2</sup> 108 REYKJAVÍK, TILBOÐ

Kjartan Hallgeirsson Lögg. fasteignasali S.824 9093/kjartan@eignamidlun.is



BÓKID SKOÐUN

Eignamidlun ehf. kynnir fallegt og mikið endurnýjað ca. 280 fm einbýlishús á einni hæð við Grundurland í Fossvogi. Húsið er vel staðsett í Fossvoginum og hefur verið endurnýjað á síðustu árum m.a. verið settur gólfhitari í öll gólf og skipt um gólfefni. Eldhúsið er allt endurnýjað, innrétting og tæki.

BORGARTÚN 28A - ÍBÚÐ 603 105 REYKJAVÍK, 75,9 mkr.

Ólafur H. Guðgeirsson Lögg. fasteignasali S. 663 2508/olafur@eignamidlun.is



OPIÐ HÚS miðvikudaginn 18. mars kl. 17:00 - 18:00

Vönduð og sérlega björt 112,2 fermetra briggja herbergja horníbúð á 6. hæð í nýju lyftuhúsi með stórum svólum, geymslu í kjallara og tveimur einkastæðum í bílakjallara. Íbúðin afhendist fullbúin án gólfefna, nema með flisum á baði. Alrými er einstaklega bjart og vistlegt. Hönnuður er Orri Arnason hjá Zeppelin Arkitektum.

# Vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Mikil sala. Skoðum og verðmetum samdægurs. Hafðu samband.



**FASTEIGNA  
MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

**Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI**



Jón Guðmundsson  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.  
Jónsson  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar  
Hallgrímsson  
hdl. og lögg. fasteignasali  
heimir@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson  
Lögg. fasteignasali  
magnus@fastmark.is



Gisli Rafn  
Guðfínnsson  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
gisli@fastmark.is



Hallveig  
Guðnadóttir  
Skrifstofustjóri  
hallveig@fastmark.is

## Naustavör – Bryggjuhverfið í vesturbæ Kópavogs. Nýjar og glæsilegar 3ja og 4ra herbergja íbúðir til sölu. Leitið upplýsinga á skrifstofu.

Bjarkarholt 8-20 - Mosfellsbæ - Nýjar íbúðir til sölu fyrir 50 ára og eldri.

### Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.



- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum. Stærðir frá 58-254 fm.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklaðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgölf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loft-ræsting skapa góða hljóðvist. Gólfisíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á [www.105midborg.is](http://www.105midborg.is)

### Sólborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.



- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja – 5 herbergja lúxusíbúðum. Stærðir íbúða eru frá 55,7 fm. upp í 194,7 fm.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Afhending íbúða verður í mars 2020.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklaðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á [www.105midborg.is](http://www.105midborg.is)

### Sunnufliot – Garðabæ. Glæsileg eign niður við lækinn.



- Virkilega glæsilegt og nánast algjörlega endurnýjað 360,3 fm. einbýlishús á frábærum stað niður við lækinn. Sér 2ja herbergja 64,5 fm. íbúð í kjallara með sérinngangi.
- Húsið var mjög mikið endurnýjað á árunum 2003 og 2004. Þá var skipt um öll gólfefni, innihurðir, baðherbergi endurnýjuð, byggt við húsið og bætt við aukabúð í kjallara.
- Stofur með gólfisíðum gluggum til suðurs og fallegum arni. Sjónvarpsstofa. Sex herbergi. Þrjú baðherbergi og gestasnyrtning.
- Lóðin var öll endurnýjuð og brunnar í lóð. Innkeyrsla og stéttir hellulagðar og settar verandir úr Lerki og hellulagðar sunnan við húsið.
- Eign á einstökum stað niður við lækinn.

### Valhúsabraut – Seltj. nesi. Einstök staðsetning á Valhúsahæðinni.



- Virkilega vandað 254,7 fm. einbýlishús á einni hæð á einstökum stað við opið óbyggt útivistarsvæði á Valhúsahæðinni. Frá eigninni nýtur útsýnis til sjávar, að Keili, Esjunni og víðar.
- Húsið er mjög vandað. Massívt niðurlímt parket og sérsmíðaðar innréttingar í öllu húsinu. Aukin lofthæð í stórum hluta hússins og gólfisíðir gluggar að hluta.
- Setustofa með mikilli lofthæð og kaminu. Borðstofa með gólfisíðum gluggum til suðurs. Skáli við borðstofu með útgengi á verönd. Fjögur herbergi. Fataherbergi innaf hjónaherbergi.
- Lóðin er fullfrágengin en þó hefur ósnortinn mói verið látinn halda sér í tengslum við Valhúsahæðina norðan og austan við húsið.

**Verð 147,9 millj.**

### Tjarnarbraut 15 – Hafnarfirði. Einbýlishús við Lækinn.



- Virkilega fallegt 203,5 fm. einbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara við Tjarnarbraut í Hafnarfirði.
- Tvær stofur og er kamína í annarri. Hægt væri að nýta aðra stofuna sem svefnherbergi. Rúmgott eldhús. Endurnýjað gestasalerni. Fimm herbergi og eru svalir til suðvesturs út af einu þeirra.
- Lóðin er 589,0 fm. að stærð. Hellulögð stétt að húsi. Tyrfd flöt fyrir framan hús og fallegur gróður. Steyptir veggir á lóðarmörkum og hellulagt stæði. Vel væri hægt að koma fyrir bílskur á lóðinni og liggur fyrir deiluskipulag þess efnis ásamt teikningum.

Um er að ræða frábæra staðsetningu við tjörnina í Hafnarfirði með afar fallegu útsýni.  
**Verð 89,9 millj.**

### Klapparberg. Einbýlishús á grónum og skjólsælum stað.



- Mjög fallegt og þó nokkuð endurnýjað um 310,0 fm. 7 herbergja einbýlishús á 4 pöllum við Klapparberg í Reykjavík. Eldhúsinrétting og tæki eru nýleg, aðal baðherbergi hússins er nýlega endurnýjað og þakjárn og þakkantur eru frá árinu 2018.
- Stórar stofur með mikilli lofthæð, arni og útgengi á svalir til suðausturs þaðan sem nýtur útsýnis til fjalla. Stór eyja er í eldhúsi og góð borðaðstaða. Fjögur herbergi. Útgengi á verönd til suðurs úr hjónaherbergi og sjónvarpstofu.
- Lóðin er ræktuð og skjólsæl með fallegum trjágróðri. Steypt innkeyrsla og hellulögð stétt eru fyrir framan hús.

**Verð 89,9 millj.**

### Ránargata 22 – 5 herbergja efri hæð.



Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

- Afar falleg 5 herbergja 131,6 fm. efri hæð með norðaustursvölum í glæsilegu þríbýlishúsi við Ránargötu í Reykjavík. Þrjú hellulögð stæði eru á baklóð, þ.e. stæði fyrir hverja íbúð.
- Aukin lofthæð er í allri hæðinni ásamt gólf- og loftlistum. Parket með fiskibeinamyndi í stofum. Glæsilegur sameiginlegur stígagangur, með upprunalegum handriðum og eru tvöfaldar hurðir inn í hverja íbúð í frönskum stíl. Þrjú svefnherbergi.
- Húsið er afar sjarmerandi og með fallegri gluggasetningu. Húsið var múrvíðgert og málað árið 2014. Sama ár voru svalir endurnýjaðar. Þá var öll sameignin tekin í gegn í byrjun árs 2020.

**Verð 69,9 millj.**

### Seilugrandi 3. 2ja herbergja íbúð - suðursvalir.



Eignin verður til sýnis í dag, mánudag frá kl. 17.15 – 17.45

- 51,8 fm. íbúð á 3. hæð með suðursvölum á þessum eftirsóttá stað í Vesturbænum. Sér stæði í lokaðri bilageymslu fylgir íbúðinni. Snyrtileg sameign.
- Stofa með góðum gluggum til suðurs. Tengi fyrir þvottavél á baðherbergi. Eitt alrými sem skiptist í stofu og eldhús. Eitt svefnherbergi með glugga til suðurs.
